

BS ritgerð

Kynferðisbrot gegn börnum: Einkenni, afleiðingar og ákvörðun miskabóta

Hildur Rut Sigurbjartsdóttir
Íris Wigelund Pétursdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Sálfræðideild

Heilbrigðisvísindasvið

Leiðbeinendur:

dr. Jakob Smári og

dr. Urður Njarðvík

Júní 2009

BS ritgerð

Kynferðisbrot gegn börnum: Einkenni, afleiðingar og ákvörðun miskabóta

Hildur Rut Sigurbjartsdóttir
Íris Wigelund Pétursdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Sálfræðideild

Heilbrigðisvísindasvið

Leiðbeinendur:

dr. Jakob Smári og

dr. Urður Njarðvík

Júní 2009

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	5
Inngangur.....	5
1. Skilgreining á kynferðislegu ofbeldi.....	6
1.1 Kynferðisleg frávik.....	6
1.2 Almenn skilgreining	7
1.3 Tíðni kynferðisbrota	9
1.4 Þolendur kynferðisbrota	10
1.5 Gerendur kynferðisbrota.....	11
2. Einkenni og afleiðingar kynferðisbrota	12
2.1 Þættir sem hafa áhrif á afleiðingar kynferðisbrota	12
2.1.1 Aldur og þroski þolandans	12
2.1.2 Tengsl gerandans við þolandann.....	13
2.1.3 Alvarleiki og ásýnd brota.....	14
2.1.4 Launung, umbun og hótun	15
2.1.5 Uppljóstrunin - viðbrögð aðstandenda.....	16
2.2 Einkenni kynferðislegs ofbeldis	16
2.3 Mögulegar afleiðingar kynferðislegs ofbeldis.....	17
3. Lög.....	18
3.1 Almenn hegningarlög	18
3.2 Lög um meðferð opinberra mála	19
3.3 Barnaverndarlögin	21
4. Refsivörslukerfið	21
4.1 Ákvörðun refsingar.....	21
4.2 Miskabætur	22
5. Vitnisburður barna	24
5.1 Minni barna	24

5.2	Börn sem vitni	25
5.3	Veikleikar barna sem vitna	27
6.	Skýrslutaka.....	28
6.1	Skýrslutaka af börnum.....	28
6.2	Viðtalstækni.....	29
6.3	Skýrslutaka í Héraðsdómi.....	30
7.	Barnahús	31
7.1	Stofnun Barnahúss og starfsemi þess	31
7.2	Skýrslutaka í Barnahúsi	32
	Samantekt og rannsóknartilgátur	33
	Aðferð	34
	Rannsóknargögn	34
	Mælitæki	34
	Framkvæmd	37
	Niðurstöður	38
	Aldur og kyn þolenda og gerenda.....	38
	Eðli og ásýnd brota	41
	Miskabætur	45
	Hótun, umbun og launung	50
	Hótun, umbun og launung eftir aldri	51
	Hótun, umbun og launung eftir tengslum	53
	Dómar	55
	Aldur og kyn þolenda og gerenda.....	56
	Tengsl gerenda og þolenda	57
	Eðli og ásýnd brota	58
	Miskabætur	59
	Hótun, umbun og launung	61

Heimildir.....	64
Viðauki 1.....	69
Viðauki 2.....	73

Töflu- og myndayfirlit

Tafla 1. Aldur gerenda og þolenda.	38
Tafla 2. Meðalaldur þolenda þegar brot var framið eftir tengslum við geranda.....	39
Tafla 3. Dæmdar miskabætur í þúsundum króna eftir tengslum gerenda og þolenda.....	45
Tafla 4. Dæmdar miskabætur í þúsundum króna út frá alvarleikastigi brota	46
Tafla 5. Dæmdar miskabætur í þúsundum króna út frá ásýnd brota.....	47
Tafla 6. Meðaltalsmiskabætur, lægstu bætur og hæstu eftir árum í þúsundum króna	48
Tafla 7. Fylgni á milli aldurs barns, tengsla, alvarleika, ásýndar og uppreiknaðra miskabóta.....	49
Tafla 8 Niðurstöður fjölbreytuaðhvarfsgreiningar þar sem uppreiknaðar bætur voru háða breytan	49
Tafla 9. Fjöldi barna í dómsmálunum.....	55
Mynd 1. Þolendur kynferðisbrota eftir kyni	38
Mynd 2. Tengsl gerenda og þolenda.....	39
Mynd 3. Tengsl gerenda og þolenda eftir aldri.....	40
Mynd 4 Tengsl gerenda og þolenda eftir alvarleikastigi brota	41
Mynd 5. Tíðni kynferðisbrota eftir alvarleikastigi.....	42
Mynd 6. Alvarleiki brotanna eftir aldri þolenda	43
Mynd 7. Tíðni brota út frá ásýnd þeirra.....	44
Mynd 8. Ásýnd brots eftir tengslum gerenda og þolenda.....	44
Mynd 9. Fjöldi mála þar sem hótun, umbun og launung var beitt.....	50
Mynd 10. Fjöldi barna, eftir aldurshópum sem var umbunað	51
Mynd 11. Fjöldi barna sem var hótað eftir aldurshópum	52
Mynd 12. Fjöldi barna sem var sagt að segja ekki frá eftir aldurshópum.....	52
Mynd 13. Fjöldi barna sem var umbunað eftir tengslum þolenda við gerendur.....	53

Mynd 14 Fjöldi barna sem var hótað af gerendunum eftir tengslum þeirra	54
Mynd 15. Fjöldi barna sem var sagt að segja ekki frá eftir tengslum þeirra	54

Tilgangur þessarar rannsóknar var að kanna aldur og tengsl þolenda og gerenda í kynferðisbrotamálum gegn börnum. Kannað var hvort eðli brotanna og ásýnd væri ólík eftir aldri þolendanna og tengsla þeirra við gerendur. Eins var kannað hvort miskabætur hefðu hækkað meira en sem nemur almennum verðlagshækkunum síðustu ár og hvaða breytur hefðu mesta vægið þegar kom að ákvörðun miskabóta í þessum málum. Unnið var með dóma í kynferðisbrotamálum gegn börnum sem kveðnir voru upp í Héraðsdómstólum landsins á árunum 2000-2007. Alls voru þetta 75 mál gegn 128 þolendum sem voru allt börn yngri en 18 ára. Gerendur voru 75 talsins en í sumum tilfellum var dæmt fyrir fleiri en einn þolanda í hverju máli. Helstu niðurstöður leiddu í ljós að gerendurnir voru í öllum tilfellum karlmenn og var meðalaldur þeirra 37,02 ár ($sf=16,81$). Þolendurnir voru í flestum tilfellum stúlkur eða í rúmlega 89% tilvika. Meðalaldur þolenda var 10,34 ár ($sf=3,49$). Þolendurnir þekktu til gerandanna í 84% tilvika. Eftir því sem eðli og ásýnd brotanna voru alvarlegri, því hærri miskabætur voru þolendunum dæmdar. Aldur þolandans og tengsl hans við gerandann hafði hins vegar ekki áhrif á ákvörðun miskabóta, þ.e hvorki voru dæmdar hærri bætur eftir því sem þolandinn var yngri, né voru hærri bætur dæmdar eftir því sem tengsl þolandans við gerandann voru nánari. Alvarleiki og ásýnd brotanna, aldur þolandans og tengsl hans við gerandann skýrðu 42,8% af dæmdum miskabótum. Þegar miskabæturnar voru uppreiknaðar til verðlags í apríl 2009 og skoðaðar með tilliti til alvarleika, ásýndar, aldurs þolanda og tengsla hans við gerandann kom í ljós að miskabætur í kynferðisbrotamálum höfðu ekki hækkað meira en sem nemur almennum verðlagshækkunum.

Kynferðislegt ofbeldi hefur áhrif á alla þætti mannglegrar tilvistar. Flestir fyllast óhugnaði og reiði þegar rætt er um kynferðislegt ofbeldi, sér í lagi gagnvart börnum. Reiði yfir að slíkt skuli viðgangast í þjóðfélaginu og óhugnaði vegna eðli brotanna sem yfirleitt eru framin í skjóli trúnaðs og trausts af hálfu barna til gerenda. Kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum felur í sér að börn eru dregin inn í kynferðislegar athafnir, sem þau skilja ekki til fulls vegna aldurs og þroskaleysis, skorts á þekkingu eða reynslu til að geta gefið samþykki fyrir og eiga erfitt með að koma sér út úr (Guðrún Jónsdóttir, 1993).

Kynferðisleg sambönd milli barna og fullorðinna hafa átt sér stað allt frá því á tímum Grikkja þegar það þótti eðlilegt að fróa ungum drengjum til að ala upp í þeim karlmennsku. Það er þó ekki ýkja langt síðan kynferðisleg misnotkun á börnum var skilgreind sem félagslegt vandamál (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

Málefni barna sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi hafa fengið aukna og opnari umfjöllun síðustu ár og er sú vitundarvakning sem orðið hefur í þjóðfélaginu mjög til bóta. Mikilvægt er að fræða börn um óæskilega kynferðislega hegðun og segja þeim

hvert þau eigi að leita verði þau fyrir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi. Það eykur líkur á ákæru og að viðkomandi kynferðisbrotamanni sé refsað fyrir brotið.

Því alvarlegri sem kynferðisbrot eru, því lengur sem þau standa yfir og því nánari sem tengsl geranda og þolanda eru, því harðari refsingu segir siðferðisvitund okkar að gerendur eigi að fá og því hærri miskabætur beri honum að greiða fórnarlambi sínu. Erfitt er þó að verðleggja þann miska sem þolendur verða fyrir og í ljósi þess að fórnarlömb kynferðisbrota eiga stundum við erfiðleika að stríða allt sitt líf þá virðist sem hinum almenna borgara finnist bæturnar sem þolendum eru dæmdar skammarlega lágar.

Oft reynist erfitt að sanna kynferðisbrot því oftast en ekki vantar vitni að verknaðinum. Það gæti verið ástæðan fyrir því að tiltölulega fá mál fara fyrir dómstóla því sú dómvenja sem tíðkast í vestrænum réttarríkjum segir til um að sakborningur skuli talinn saklaus uns sekt hans sé sönnuð og að allan skynsamlegan vafa beri að dæma sakborningi í hag (Þorgeir Ingi Njálsson, 1996).

1 Skilgreining á kynferðislegu ofbeldi

1.1 Kynferðisleg frávík

Fólk finnur ýmsar leiðir til þess að fullnægja kynferðislegum þörfum sínum en þó yfirleitt innan þeirra marka sem þjóðfélagið setur og telur eðlilegt. Þessi mörk geta þó verið breytileg milli ólíkra menningarheima og því getur sama athöfnin talist eðlileg á einum stað en afbrigðileg á öðrum (Nolen-Hoeksema, 2008).

Samkvæmt DSM-IV greiningarkerfinu (*Diagnostic and statistical Manual of mental disorders*) teljast þeir sem haldnir eru endurtekinni og mikilli kynhvöt ásamt örvandi hugarórum sem tengjast hlutum, þjáningum annarrar manneskju eða börnum sýna “Paraphilias” eða kynferðisleg frávík. Margir upplifa einhvern tímunn á lífsleiðinni hugaróra sem flokkast gætu undir kynferðisleg frávík en greinast samt ekki sem kynferðislega afbrigðilegir þar sem þetta einkennir ekki alltaf kynferðislöngun eða kynferðishegðun þeirra. Þeir sem greindir eru með kynferðisleg frávík eru þeir sem finnst að þeir verði að láta undan þessum afbrigðilegu kynferðislegu löngunum sínum, þó þeir viti að það sé refsivert. Þegar þeir sem haldnir eru þessari röskun brjóta lögin flokkast þeir sem kynferðisafbrotamenn (Nolen-Hoeksema, 2008).

Kynferðislegum frávikum er skipt í nokkra flokka, sem verður þó ekki öllum lýst hér, en þar á meðal eru sýnihneigð (*exhibitionism*) sem felur í sér að gerandi hefur ánægju af

Því að afklæða sig fyrir framan fólk og sýna því kynfæri sín. Gægjuhneigð (*voyeurism*) nefnist það þegar gerandi hefur ánægju af því að horfa á annað fólk eða barn fáklætt eða nakið, t.d. í baði, að háttá sig eða fullorðið fólk í samförum. Barnagirnd (*pedophilia*) flokkast líka undir kynferðisleg frávík í DSM-IV greiningarkerfinu en það vísar til þess að laðast kynferðislega að börnum og vilja frekar eiga í kynferðislegum athöfnum með þeim en fullorðnum. Barnagirnd er skilgreind sem „síendurtekin og sterk kynþörf ásamt kynórum gagnvart börnum sem ekki hafa náð kynþroskaaldri“. Samkvæmt skilgreiningunni þarf einstaklingur sem haldinn er barnagirnd að vera 16 ára eða eldri og vera að minnsta kosti fimm árum eldri en barnið sem hann hefur kynferðislegt samneyti við. Breytilegt er hvort gerandinn leitar á börn af sama kyni og eins hvort þolendur eru innan fjölskyldunnar eða utan hennar. Sumir þeirra sem haldnir eru barnagirnd eru giftir fjölskyldumenn og sýna einnig áhuga á kynlífi með fullorðnum. Aðrir búa hins vegar einir og oft einangraðir frá umhverfinu og beinist kynþörf þeirra og kynórar eingöngu að börnum (Björn Harðarson og Eygló Guðmundsdóttir, 2001).

Ekki allir sem haldnir eru barnagirnd láta undan hvötum sínum en þeir sem það gera og misnota börn kynferðislega eru kallaðir barnaníðingar. Eins eru ekki allir gerendur kynferðisbrota haldnir barnagirnd heldur getur verið um tilviljunarkennt atvik að ræða (Nolen-Hoeksema, 2008).

Barnaníðingar eru líklegri en aðrir gerendur til þess að endurtaka brot sín og telja oft og tíðum ekkert athugasvert við hugsanir sínar og athæfi. Þeir sýna því oft ekki góð viðbrögð við meðferð þar sem erfitt getur reynst að breyta slíkum hugsunarhætti sem gjarnan vill festast í sessi og á stóran þátt í að stjórna hegðun gerandans (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

1.2 Almenn skilgreining

Það er engin algild alþjóðleg skilgreining á kynferðislegri misnotkun gegn börnum og hefur mikið verið um það deilt meðal fræðimanna hvernig skilgreina eigi hana. Whetsell-Mitchell (1995) bendir á að mörg hugtök séu notuð til þess að skilgreina bæði kynferðislegt ofbeldi og gerendur þess og geri það alla umfjöllun um þessi mál þar af leiðandi mjög villandi. Þrátt fyrir þessar mismunandi skilgreiningar virðast flestir vera sammála um að helsta einkenni kynferðislegrar misnotkunar sé það vald sem gerandinn hefur yfir barninu og að hann geti þannig neytt það til kynferðislegs atferlis (Whetsell-Mitchell, 1995).

Flestar skilgreiningar virðast þó hafa að geyma sama kjarna sem felst í því að börn eru þátttakendur í kynferðislegri athöfn, athöfn sem þau eru ekki fær um að skilja fyllilega sökum aldurs síns og þroska. Af þeim sökum eru þau alls ekki fær um að segja til um hvort þau vilji taka þátt í þessum athöfnum eða ekki (Björn Harðarson og Eygló Guðmundsdóttir, 2001). Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir (2006) hafa skilgreint kynferðislegt ofbeldi sem:

Hugtak sem notað er um kynferðislega misnotkun, kynferðislega áreitni, kynferðislegt ofbeldi og sífjaspell. Kynferðislegt ofbeldi felur í sér að kynferðislegum athöfnum, orðum eða myndum er beitt gegn vilja þess sem fyrir ofbeldinu verður svo hann hlýtur skaða af. Börn eru ekki fær um að skilja athöfnina vegna þroska eða aldurs og geta af þeim sökum ekki sagt til um hvort þau vilji taka þátt í henni eða ekki. Kynferðislegt ofbeldi miðar af því að lítillækka, auðmýkja, ráða yfir og skeyta ekki um vilja eða líðan þess sem fyrir því verður (bls 10).

Whetsell-Mitchell (1995) skiptir kynferðisbrotum í tvo flokka; annars vegar kynferðisbrot sem felur í sér beina snertingu og hins vegar kynferðisbrot sem felur í sér aðra kynferðislega áreitni en beina snertingu. Kynferðisbrot sem ekki fela í sér beina snertingu geta verið t.d. kynferðislegt tal, sýnihneigð, gægjuhneigð og atferli sem tengist kynferðislegu myndefni. Kynferðisbrot sem fela í sér beina snertingu eru kossar, þukl, þegar barn er snert á kynferðislegan máta, gerandi snertir líkama barns og/eða kynfæri og lætur barn gera það sama við sig. Eins flokkast allar tilraunir til innþrengingar inn í líkama barns undir beina snertingu, hvort sem er í munn, leggöng eða endaparm og eins skiptir ekki máli hvort það sé reynt með hlutum, tungu, fingri eða getnaðarlimi. Einnig teljast til beinnar snertingar þau tilvik þar sem innþrenging í líkama barns tekst (Whetsell-Mitchell, 1995).

Sífjaspell er eitt birtingaform kynferðislegs ofbeldis og það algengasta sem um ræðir. Hugmyndir um hvað teljist sem sífjaspell eru margar og hafa þær breyst töluvert frá árum áður. Áður fyrr var einungis talað um sífjaspell sem kynferðislegt atferli milli barns og einhvers blóðtengdu því. Nú í dag eru hins vegar flestir sammála um að sífjaspell sé allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga sem tengdir eru böndum trausts og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli en er undirgefinn og hugsanlega háður hinum aðilanum á einhvern hátt (Guðrún Jónsdóttir, 1993).

Af þessari skilgreiningu má sjá að tengsl ofbeldismanna og barna í sífjaspellamálum geta verið margs konar og að þau ná til allra þeirra sem hafa tengst barninu tilfinningaböndum. Þetta á meðal annars við um foreldra, stjúpfóreltra, systkini, afa,

ömmu, frændsystkini, fjölskylduvini og aðra sem koma að umönnun barnsins eins og dagforeldra og starfsmenn skóla og leikskóla.

1.3 Tíðni kynferðisbrota

Erfitt er að segja til um hve margir það eru í raun sem verða fyrir kynferðislegri misnotkun. Árið 2005 komust einungis 4,3% þeirra mála sem bárust til Stígamóta í hendur opinberra aðila og hefur þessi talað lækkað mikið á undanförunum árum. Ástæður þess að málin fara ekki lengra eru margvíslegar og má þar helst nefna að mörg mál eru fyrnd þegar fólk treystir sér loksins til að segja frá, einnig eru margir sem ekki treysta sér í yfirheyrslur og allt sem fylgir því að leggja fram kæru (Stígamót, 2005). Mjög algeng skýring á því að þeir sem beittir eru kynferðisofbeldi segi ekki frá því eða leggi ekki fram kæru er sú að þeir eru uppfullir af skömm og sektarkennd. Algengt er að barn leiti skýringa á ofbeldinu hjá sjálfu sér, kenni sér um og álíti sig sjálft vera vont og að það sé öðruvísi en aðrir. Börn átta sig því oft ekki á því að brotið hafi verið gegn þeim fyrr en löngu síðar. Oftar en ekki er ofbeldismaðurinn tengdur þeim fjölskylduböndum og hika börnin því við að greina frá afbrotunum af ótta við afleiðingarnar (Guðrún Jónsdóttir, 1999). Þessar tölur er rétt að hafa í huga þegar kærur eru skoðaðar. Af þessu má sjá að kærur eru aðeins vísbending um fjölda kynferðisbrota því ekki kemst upp um nærri alla þá misnotkun sem á sér stað.

Erlendar rannsóknir gefa til kynna að fjórða hver stúlka í Bandaríkjunum verði fyrir kynferðislegri misnotkun fyrir 18 ára aldur og sjötti hver drengur. Næstum því 70% allra tilkynntra kynferðisbrotamála í Ameríku (líka nauðganir gegn fullorðnum) eiga sér stað fyrir 17 ára aldur. Samkvæmt Longo (2006) eru það yfir 30% brotþola sem uppljóstra aldrei reynslu sinni af kynferðislegri misnotkun (Longo, R., 2006).

Á Íslandi erum við að líta á svipaðar tölur hvað stúlkur varðar en aðeins lægri tíðni meðal drengja. Samkvæmt rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur (2002) benda niðurstöður til þess að rúmlega fimmta hver stúlka og tæplega tíundi hver drengur verði fyrir kynferðislegri misnotkun fyrir 18 ára aldur, eða alls um 17% íslenskra barna. Það þýðir að í þrjátíu manna bekk með jöfnu kynjahlutfalli má gera ráð fyrir því að um þrjár til fjórar stúlkur og einn til tveir drengir séu fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis. Þetta eru hærri tölur en fengist hafa í sambærilegum rannsóknum á hinum Norðurlöndunum. Í Noregi hefur tíðnin mælst 14%, 11% í Danmörku en 6% í Svíþjóð (Hrefna Ólafsdóttir, 2002).

Samkvæmt Hrefnu er kynferðisleg misnotkun vanskráð hérlandis sem og annars staðar. Niðurstöður rannsóknar hennar sýndu að 60% þolenda sögðu ekki strax frá misnotkuninni þegar hún átti sér stað eða strax eftir að henni lauk. Það sem einnig er sláandi við niðurstöður Hrefnu er að aðeins fjórir brotapolar af 122 í rannsókninni sögðu að misnotkunin hefði verið kærð til lögreglu. Enginn af gerendum þeirra sem svöruðu rannsókninni var dæmdur fyrir brot sín og fékk enginn brotapolanna bætur (Hrefna Ólafsdóttir, 2002).

1.4 Polendur kynferðisbrota

Börn á öllum aldri geta orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi en rannsóknir hafa sýnt að meðalaldur barna sem verða fyrir kynferðisbrotum sé á bilinu 9-12 ára. (Miller-Perrin og Perrin, 2007). Rannsóknir sem gerðar hafa verið á fórnarlömbum kynferðisbrota sýna að þeir sem eru mjög ungir þegar brotið er gegn þeim eiga það til að gleyma misnotkuninni og muna ekki eftir henni fyrr en mörgum árum seinna, ef þeir muna þá eftir henni á annað borð (Loftus og Rosenwald, 1993; Briere og Conte, 1993, sjá í Williams, 1994) Eins hefur Williams (1994) bent á að það sé góð ástæða til að ætla að misnotkun á mjög ungum börnum sé vanskráð þar sem þau koma ekki sjálf upp um misnotkunina og muna jafnvel ekki eftir henni fyrr en mörgum árum seinna (Williams, 1994).

Stúlkur eru í miklum meirihluta þolendur kynferðisbrota og er eins og áður sagði talað um að á Íslandi verði ein af hverjum fimm stúlkum fyrir misnotkun fyrir 18 ára aldur á móti einum af hverjum tíu drengjum. Því er þó haldið fram að fjöldi drengja sem verða fyrir kynferðisbroti sé vanskráður, sér í lagi vegna þess að drengir eru ólíklegri til þess að segja frá sé brotið gegn þeim kynferðislega (Lamb og Edgar-Smith, 1994, sjá í Goodman-Brown og félagar, 2003). Ástæðan gæti verið sú að þeir óttast þær neikvæðu afleiðingar sem það gæti haft í för með sér, eins og að vera stimplaður samkynhneigður eða fórnarlamb (Finkelhor, 1994).

Þeir áhættuþættir sem virðast hafa áhrif á kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum eru eftirfarandi; að stjúpfaðir sé inni á heimili barns og/eða að fjölskyldan sé einangruð og flutningar tíðir. Jafnframt ef foreldrar hafa sjálfir orðið fyrir kynferðislegri misnotkun sem börn, að móðir vinni mikið utan heimilis og ef foreldrar taka ekki virkan þátt í uppeldi barns vegna veikinda, áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða andlegra vandkvæða. Líkurnar á misnotkun aukast jafnframt ef börn alast upp án annars blóðforeldris. Yfirleitt

er þetta þó samspil fleiri en eins þáttar þar sem enginn einn þáttur vegur þyngra en annar (Berliner og Elliot, 2002; Miller-Perrin og Perrin, 2007).

Flestir þolendur eru tengdir gerendum sínum fjölskyldu- eða vinaböndum. Samkvæmt rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur (2002) á kynferðisofbeldi gegn börnum á Íslandi eru langflestir gerendur karlar í fjölskyldu barnsins eða tengdir henni, eða í um 66% tilvika (Hrefna Ólafsdóttir, 2002).

Erlendar rannsóknir sýna að 30-40% barna eru misnotuð af fjölskyldumeðlimi og önnur 50% eru misnotuð af aðilum sem þau þekkja og treysta en eru utan fjölskyldunnar. Það eru því einungis 10% fórnarlamba sem eru misnotuð af ókunnugum (Longo, 2006). Stúlkur eru líklegri til þess að verða misnotaðar af aðilum nánnum eða kunnugum sér en drengir af ókunnugum (Finkelhor, 1994).

1.5 Gerendur kynferðisbrota

Þeir sem misnota börn kynferðislega koma úr öllum stéttum þjóðfélagsins og er þetta ýmist einhleypt fólk, fráskilið eða í sambúð. Atvinna þeirra og menntun er misjöfn sem og búseta og sýna rannsóknir að aldur þeirra sé mjög breytilegur. Því má segja að það sé ekkert áþreifanlegt sem einkenni þá annað en það hversu venjulegir þeir eru (Finkelhor, 1994).

Mikill meirihluti gerenda eru karlmenn en kvenkyns gerendur eru líklegri til að misnota drengi heldur en stúlkur (Finkelhor, 1994). Gerendur eru á öllum aldri en erlendar rannsóknir hafa sýnt að meðalaldur þeirra sé um 32 ár (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

Gerendum kynferðisbrota er gjarnan skipt í tvo hópa. Annars vegar þá sem misnota fullorðna (nauðgara) og hins vegar þá sem misnota börn (barnaníðinga). Í rannsókn Gísla Guðjónssonar og Jóns Friðriks Sigurðssonar (2000) um samanburð á ofbeldisbrotamönnum, þ.e. þeim sem misnota fullorðna og svo þeim sem misnota börn, kom í ljós að ofbeldisbrotamenn og þeir sem misnota fullorðna eru frekar undir áhrifum áfengis þegar þeir brjóta af sér en þeir sem misnota börn eru það sjaldan. Einnig kom fram að kynferðisbrotamenn eru innhverfari en þeir sem dæmdir eru fyrir ofbeldisbrot. Þeir sem dæmdir eru fyrir kynferðisbrot gegn börnum hafa meiri tilhneigingu til að fegra sig en hinir hóparnir, þeir eru oftast tengdir þolendunum náíð og hafa þeir oft sterka innri þörf til að játa afbrotið (Gísli Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson, 2000).

Fyrri rannsóknir hafa meðal annars sýnt að þeir sem misnota fullorðna eru ólíkir þeim sem misnota börn á þann hátt að þeir eiga oftari við reiðivandamál að stríða, afbrot þeirra eru tækifærissinnaðri og eins eru þeir líklegri til að vera persónuleikatrúflaðir (Christe, Marshall og Lanthier, 1999, sjá í Gísli Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson, 2000).

Einnig sýna fyrri rannsóknir fram á að þeir sem misnota börn séu oft haldnir kvíða og eru afbrot þeirra fyrirfram ákveðin og skipulögð. Þeir skýra frekar frá afbrigðilegum kynferðislegum hugarórum og eins eru þeir að meðaltali eldri en þeir sem misnota fullorðna (Salter 1988, Blumenthal, Guðjónsson og Burns, 1999, sjá í Gísli Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson, 2000).

2 Einkenni og afleiðingar kynferðisbrota

2.1 Þættir sem hafa áhrif á afleiðingar kynferðisbrota

Erfitt er að fullyrða nokkuð um ákveðnar afleiðingar kynferðislegs ofbeldis og er birtingarformið mjög mismunandi. Ekki er hægt að segja til um með vissu hvaða afleiðingar kynferðisleg misnotkun muni hafa því birtingarformið getur verið mjög mismunandi. Sum fórnarlömb virðast koma nokkuð heil út úr þessari lífsreynslu, bera þess engin merki að hafa verið misnotuð og fá enga utanaðkomandi eða faglega hjálp í framhaldinu (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

Afleiðingar kynferðislegs ofbeldis ráðast af ýmsum þáttum og má þar helst nefna; tengsl barns og geranda, alvarleika og ásýnd brotsins, hversu lengi brot stóðu yfir, sem og aldur og þroska barns. Aldursmunur milli geranda og þolanda skiptir að sama skapi máli og viðbrögð nánustu fjölskyldu barnsins þegar kynferðislega ofbeldið uppgötvaðist (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006)

2.1.1 Aldur og þroski þolandans

Líklegt er að mjög ung börn, sennilega þriggja ára og yngri, gleymi því þegar þau eldast að þau hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi (Wakefield and Underwager, 1992, sjá í Williams, 1994, Petersen og Bell, 1996).

Eldri börn kenna sjálfum sér oft um kynferðislega ofbeldið, ásaka sig fyrir að hafa ekki stöðvað það og telja það jafnvel vera sér að kenna. Þegar börn verða fyrir kynferðislegu ofbeldi á unga aldri, t.d um 5-6 ára aldurinn, er líklegt að þau leggi meiri skilning í það þegar þau eldast. Þegar þau komast svo á unglingsaldurinn skilja þau

alvarleika þess sem þau lentu í og finna oft til mikillar vanlíðunar (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

Ung börn eru oftast fórnarlömb sífjaspella en eldri börn fórnarlömb ókunnugra gerenda. Ástæða þess er líklega sú staðreynd að mjög ung börn eru yfirleitt undir umsjá sinna nánustu og komast síður í kynni við ókunnuga. Fórnarlömb sífjaspella eru að meðaltali tæplega sjö ára (6.98 ára) og þar af leiðandi að meðaltali þremur árum yngri en fórnarlömb ókunnugra gerenda sem eru tæplega 10 ára (9.88 ára) þegar fyrsta brot er framið (Fischer og McDonald, 1998).

Niðurstöður erlendra rannsókna á afleiðingum kynferðisbrota gefa til kynna að það á hvaða aldri barn er þegar brot er framið hafi ekki áhrif á afleiðingar misnotkunarinnar (Browne og Finkelhor, 1986).

Talið er að ef aldursmunur milli geranda og þolanda sé lítill þá verði afleiðingarnar oft minni heldur en þegar aldursmunurinn er mikill (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006). Mikilvægt er að börn fái viðeigandi fræðslu og meðferð sem samræmist aldri þeirra ef upp kemst um kynferðislegt ofbeldi. Það getur hjálpað þeim að vinna úr áfallinu og fyrirbyggt vanlíðan á seinni þroskastigum (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

2.1.2 Tengsl gerandans við þolandann

Tengsl geranda við þolanda eru talin skipta umtalsverðu máli fyrir þær afleiðingar sem kynferðislegt ofbeldi getur haft í för með sér. Því nánari sem tengslin eru og því meira traust sem barnið ber til gerandans því alvarlegri verða afleiðingarnar (Kendall-Tackett, Williams og Finkelhor, 1993). Rannsókn Anderson, Bach og Griffith (1981) sýndi að af þeim 155 þolendum kynferðisbrota, sem rannsókn þeirra tók til, sýndu 67% þeirra sem höfðu verið misnotaðir af aðilum sem voru tengdir þeim fjölskylduböndum einkenni eins og svefntruflanir, átraskanir, hræðslu, fælmi, þunglyndi, sektarkennd, skömm og reiði. Af þeim sem höfðu verið misnotaðir af aðilum utan fjölskyldunnar sýndu 49% þessi sömu einkenni (Anderson, Bach og Griffith, 1981, sjá í Browne og Finkelhor, 1986).

Kynferðisbrot standa að jafnaði lengur yfir eftir því sem tengslin eru nánari auk þess sem auðvelt aðgengi að börnunum virðist valda því að ofbeldið þróast hraðar í alvarleg brot heldur en þegar ofbeldið er af völdum ókunnugra (Kendall-Tackett, Williams og Finkelhor, 1993; Fischer og McDonald, 1998). Þegar nán tengsl eru milli geranda og þolanda er einnig líklegra að barninu verði ekki trúað af ótta við afleiðingar uppljóstrunar

á fjölskylduna. Barnið vill ekki bregðast trausti gerandans og ber að öllum líkindum sterkar tilfinningar til hans (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006). Einnig getur verið að barnið átti sig ekki á að ofbeldið sé rangt því það hefur alist upp við það og þekkir því ekkert annað. Þannig getur barn sem verður fyrir því að nákominn ættingi eða einhver sem það treystir og þykir vænt um, káfi á kynfærum þess utan klæða, upplifað ofbeldið sterkar heldur en barn sem verður fyrir því að ókunnugur aðili áreiði það á grófari hátt (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

Þegar gerandi er barninu náinn er hann að rjúfa það traust og þann trúnað sem oft ríkir þeirra á milli og eykur það að jafnaði á þá streitu og vanlíðan sem barnið upplifir, ásamt því að takast á við misnotkunina sjálfa (Whetsell-Mitchell, 1995).

Í rannsókn Fischers og McDonald frá árinu 1998 kom ekki fram munur á sífjaspellsbrotum og brotum ókunnugra geranda hvað varðar fjölda ákæra, það hversu oft brot þóttu sönnuð, hvort að játning gerenda hafi legið fyrir eða sakfelling hans. Það kom hins vegar fram mikill munur á gerendum sífjaspella og gerendum utan fjölskyldu hvað varðar refsingu og lengd dómsins sem þeir hlutu. Þegar nánir voru sakfelldir þá fengu þeir frekar fangelsisdóm og lengri fangelsisvist að meðaltali en ókunnugir gerendur (Fischer & McDonald, 1998).

2.1.3 Alvarleiki og ásýnd brota

Það hvers eðlis misnotkunin er, þ.e. hvað er gert og hvernig, hefur áhrif á það hversu alvarlegur hinn sálræni skaði verður. Rannsóknir hafa sýnt að alvarleiki brota hefur áhrif á það hversu miklar afleiðingarnar verða (Kendall-Tackett, Williams og Finkelhor, 1993).

Jafnframt hefur það áhrif ef valdbeiting, hótun eða umbun af einhverju tagi hefur verið beitt (Beitchman og félagar 1992). Að sama skapi hefur það áhrif á afleiðingar hvort um eitt einstakt tilfelli sé að ræða eða síendurtekið ofbeldi. Það hversu lengi brotin standa yfir er talinn vera ágætur mælikvarði á sálrænan skaða barnanna. Það er að sálræni skaðinn verður meiri eftir því sem brotið stendur lengur yfir (Beitchman og félagar, 1992). Sífjaspell standa yfirleitt yfir í lengri tíma og eru þolendurnir ólíklegri til að segja frá misbeitingunni. Rannsóknir hafa sýnt að endurtekin brot eru nánast alltaf af hendi aðila tengdum barninu og halda börnin oft að það sé eðlilegt (Beitchman og félagar, 1992).

Því hefur verið haldið fram að brot náninna eða kunnugra gerenda séu alvarlegri, standi yfir í lengri tíma og eigi sér stað oft (Ericson, Walbeck, og Seeley, 1998). Rannsókn Fischer og McDonald síðan 1998 bendir til þess sama, það er að sífjaspell standi yfir í lengri tíma heldur en kynferðislegt ofbeldi þar sem þolandinn þekkir ekki til gerandans. Þar kemur fram að í 23,5% tilfella þar sem gerandinn var náinn eða kunnugur þolandanum var um eitt einstakt tilfelli að ræða en í 62,4% þar sem gerandinn var ókunnugur var um eitt einstakt brot að ræða. Að sama skapi stóð kynferðislega misnotkunin yfir lengur en í eitt ár í 24,1% tilvika þegar um sífjaspell var að ræða en aðeins í 3,6% tilvika þegar gerandinn var ókunnugur (Fischer og McDonald, 1998).

2.1.4 Launung, umbun og hótun

Kynferðisbrot gegn börnum einkennast oft og tíðum af mikilli leynd auk þess sem gerendur reyna oft að fá sínu fram með loforði um umbun eða með því að hóta þolandanum og eru þessar aðferðir ekki síður notaðar til að tryggja þagmælsku barnanna (Whetsell-Mitchell, 1995). Gerandi kynferðisbrota hefur mikla yfirburði gagnvart barni sem hann notar til þess að stjórna aðstæðum þannig að barnið verði honum undirgefið og vill ekki brjóta þann trúnað sem á milli þeirra ríkir með því að segja frá misnotkuninni. Vegna þessa yfirburðar reynist ekki alltaf nauðsynlegt að banna barninu að segja frá ofbeldinu (Whetsell-Mitchell, 1995).

Sé barn beitt ofbeldi eða hótunum samhliða kynferðislega ofbeldinu er það talið hafa alvarlegri afleiðingar en ella. Rannsókn Beitchman og félagar frá árinu 1992 sýndi fram á að ókunnugir kynferðisbrotamenn eru líklegri til að nota líkamlegt eða munnlegt ofbeldi heldur en nánir. Líklega er það vegna þess að ókunnugir misnota yfirleitt eldri börn og eru þau líklegri til að veita mótspyrnu og þurfa gerendurnir því að nota meira afl eða hótanir til að takast ætlunarverk sitt (Beitchman og félagar, 1992). Rannsóknin sýndi einnig að ókunnugir gerendur eru líklegri til að umbuna fórnarlömbum sínum á einhvern hátt, t.d. með sælgæti eða peningum á meðan að nánir eða kunnugir eru líklegri til að segja fórnarlömbunum að halda misnotkuninni leyndri (Beitchman og félagar, 1992).

Rannsókn Browne og Kilcoyne (1995) sýndi að af 91 gerenda sem rannsókn þeirra tók til umbuðu 46% þeirra barninu á einhvern hátt eða mútuðu því og 29% þeirra hótðu eða ógnuðu því (Browne og Kilcoyne, 1995).

2.1.5 Uppljóstrunin - viðbrögð aðstandenda

Uppljóstrun er það þegar upp kemst um misnotkun. Rannsóknir hafa sýnt að þetta getur gerst á tvo vegu, annars vegar að barn segir sjálfviljugt frá misnotkuninni eða þá að upp um hana kemst fyrir tilviljun. Það getur gerst á þann hátt að barn missir eitthvað út úr sér eða þegar atferli eða líkamleg einkenni bera þess merki að barn hafi verið misnotað (Nagel og félagar, 1997). Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á mun eftir aldri hvernig uppljóstrunin á sér stað. Börn á leikskólaaldri eru líklegri til þess að missa eitthvað út úr sér sem vekur grunsemdir en börn á skólaaldri segja oftast sjálfviljugt frá. Þessi munur gæti stafað af því að yngri börn hafa takmarkaða vitsmunahæfileika og skilja ekki kynferðislega misnotkun eða hafa ekki getuna til þess að tjá sig um misnotkunina við aðra (Nagel og félagar, 1997).

Viðbrögð fjölskyldunnar þegar upp kemst um kynferðisbrot eru afar mikilvæg sem og fjölskylduaðstæður og hvað gert er í framhaldinu. Rannsókn Everill og Waller (1995) sýndi að viðbrögð fjölskyldunnar geta haft áhrif á langtímaafleiðingar kynferðisbrotsins (Everill og Waller, 1995 sjá í Nagel og félagar, 1997).

Mikilvægt er að barn upplifi að því sé trúað, að því sé komið í skilning um að það beri ekki ábyrgð á ofbeldinu og að það sjái að gripið sé til viðeigandi ráðstafana til að forða því frá að ofbeldið endurtaki sig. Einnig þarf að tryggja að barnið fái þá faglegu hjálp sem því ber (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

Líklegt er að barn verði fyrir höfnun ef lítið er gert úr frásögn þess eða leitast sé við að reyna að láta það gleyma atburðinum. Ef að sá sem tekur við upplýsingunum frá barni verður sjálfur fyrir áfalli er líklegt að barnið verði fyrir enn meira áfalli. Sé gerandinn ókunnur getur fjölskyldan gegnt lykilhlutverki við að hjálpa barninu að vinna úr og jafna sig eftir áfallið (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

2.2 Einkenni kynferðislegs ofbeldis

Nauðsynlegt er að vera vakandi fyrir þeim möguleika að börn séu beitt kynferðislegu ofbeldi en jafnframt að hafa það í huga að einkenni sem börn sýna þurfi ekki að einskorðast við kynferðislegt ofbeldi. Einkennin eru oft svipuð þeim einkennum sem börn sem hafa orðið fyrir annars konar áfalli eða ofbeldi sýna (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006). Oft koma einkenni fram í andlegri vanlíðan sem á sér ekki læknisfræðilegar skýringar (Kendall-Tackett, Williams og Finkelhor, 1993).

Vanlíðan hefur mörg birtingarform og er ein besta vísbending um kynferðislegt ofbeldi sem um ræðir. Rannsóknir hafa sýnt að eitt helsta einkenni kynferðislegrar misnotkunar sé kynferðisleg hegðun en það eru athafnir eins og kynferðislegur leikur með dúkkur, að stinga hlutum upp í endaparm eða leggöng, mikil sjálfsfróun eða sjálfsfróun á almannafæri, tælandi hegðun, að sækjast eftir kynferðislegri örvun frá fullorðnum eða öðrum börnum og vitneskja um kynferðismál sem er ekki í samræmi við aldur barns og þroska þess (Kendall-Tackett, Williams og Finkelhor, 1993).

2.3 Mögulegar afleiðingar kynferðislegs ofbeldis

Algengasta vísbendingin um kynferðislega misnotkun er óvenjuleg kynferðisleg hegðun sem samræmist ekki aldri og þroska barnsins. Ekkert eitt einkenni er meira lýsandi fyrir börn og eru þau misalvarleg eftir aldri. Um það bil þriðjungur barna sýnir engin einkenni og tveir þriðju barna sýna batamerki 12-18 mánuðum eftir að misnotkuninni lýkur (Kendall-Tackett, Williams og Finkelhor, 1993).

Skammtímaafleiðingar eru þær afleiðingar sem koma fram innan tveggja ára eftir að ofbeldi lýkur en langtímaafleiðingar eru þær afleiðingar sem eru langvarandi og þrálátar og hrjá oft og tíðum fullorðna sem hafa verið misnotaðir kynferðislega sem börn (Kendall-Tackett, Williams og Finkelhor, 1993).

Algengar afleiðingar sem eru einkennandi fyrir börn sem hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi eru ótti, martraðir, kvíði, þunglyndi, lágt sjálfsmat, ýgi, almenn hegðunarvandamál, auk þess að draga sig oft í hlé frá vinum og ættingjum (Kendall-Tackett, Williams og Finkelhor, 1993).

Yngstu börnin eða þau sem eru á forskólaaldri geta orðið óstýrilát og erfið í hegðun auk þess sem þau hætta að virða reglur og mörk annarra. Þá missa þau oft tök á færni sem þau voru búin að tileinka sér og byrja jafnvel aftur að væta rúmið. Líkamlegar umkvartanir sem eiga sér ekki læknisfræðilegar skýringar eru líka algengar hjá börnum sem líður illa (Kendall-Tackett, Williams og Finkelhor 1993; Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

Fyrir börn á skólaaldri eru helstu einkennin að auki ýmis geðræn vandkvæði, áfallastreituröskun, vandræði í skóla, tíð bræðis- og grátköst, tilhneiging til að hlaupast að heiman og sjálfskaðandi hegðun (Kendall Tackett, Williams og Finkelhor, 1993). Sjálfskaðandi hegðun kemur fram á ólíkan hátt eftir kynjum. Stúlkur beina hegðuninni frekar inná við, þær eiga það til að veita sér líkamlega áverka eins og að skera sig, því

líkamlegur sársauki virðist beina athyglinni frá þeim andlega. Drengir sýna hins vegar oft ofbeldisfulla hegðun og þá yfirleitt gagnvart öðrum (Beitchman og félagar, 1991).

Fyrir börn á táningsaldri geta sjálfsvígshugsanir, átröskun og áfengis- og fíkniefnamisnotkun verið meðal mögulegra afleiðinga. Ungmenni sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi leita oft í vímunugjafa til að deyfa tilfinningar og andlega vanlíðan (Kendall-Tackett, Williams og Finkelhor 1993).

Rannsókn sem Beitchman og félagar gerðu árið 1992 sýndi að lauslæti og vændi eru algengar afleiðingar kynferðislegs ofbeldis. Eins er algengt að þeir sem eru misnotaðir kynferðislega í æsku misnoti sjálfir börn þegar þeir eldast. Erfiðleikar með að treysta öðru fólki kemur líka oft fram auk þess sem þetta hefur áhrif á virkni fólks í hinu daglega lífi, samskipti þess við annað fólk og getuna til að sýna væntumþykju á annan hátt en kynferðislegan. Þá geta þessir einstaklingar átt í erfiðleikum í tengslum við kynlíf og þjáðst af kynferðislegu hömluleysi (Beitchman og félagar, 1992).

Fram hefur komið í rannsóknum að umtalsverður hluti kvenna sem leggst inn á geðdeildir, jafnvel allt að helmingur, hefur sögu um kynferðislega misnotkun í æsku (Valgerður Baldursdóttir, 2007).

3 Lögin

3.1 Almenn hegningarlög

Almenn hegningarlög (hér eftir alm.hgl.) nr.19/1940 með áorðnum breytingum 40/1992 kveða á um hvenær athæfi er refsivert og varðar við lög. Í 200. gr. alm. hgl. er tekið fyrir þegar börn eru tengd gerandanum blóðböndum. 200. gr. laganna er svohljóðandi:.

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja skal sæta fangelsi allt að 6 árum og allt að 10 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára. Önnur kynferðisleg áreitni manns gagnvart barni sínu eða öðrum niðja en sú er greinir í 1. mgr. varðar allt að 4 ára fangelsi og allt að 6 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára. Samræði eða önnur kynferðismök milli systkina varða fangelsi allt að 4 árum. Hafi annað systkina eða bæði ekki náð 18 ára aldri þegar verknáður átti sér stað má ákveða að refsing falli niður að því er þau varðar.

Í 201. gr. er aftur á móti tekin fyrir sambærileg brot en þá er barnið ekki tengt blóðböndum heldur er það fósturbarn, stjúp barn, kjörbarn, sambúðarbarn eða ungmenni sem einstaklingi er falin umönnun á. Í 201. gr. segir orðrétt:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 18 ára, sem er kjörbarn hans, stjúp barn, fósturbarn, sambúðarbarn eða tengt honum þannig

fjölskylduböndum í beinan legg eða barn, sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, skal sæta fangelsi allt að 8 árum og allt að 12 ára fangelsi sé barn yngra en 16 ára. Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 4 árum og allt að 6 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Refsiramminn er hinn sami fyrir brot gegn 200. og 201 gr. og er ofbeldisverknaðurinn því lagður að líku hvort sem barnið er tengt ofbeldismanninum eða ekki. Þó að börnum sé heimilt samkvæmt lögum að hafa samræði eða stunda kynferðismök með eigin samþykki þegar þau hafa náð 15 ára aldri þá er það ekki leyfilegt með aðila sem hefur verið trúað fyrir kennslu eða uppeldi barnsins. Í 200. gr. kemur fram að kynferðislegur lögdur er 15 ár hérlendis. Með öllu er óheimilt að stunda nokkurs konar kynlífsathafnir með börnum sem ekki hafa náð 15 ára aldri. Hæsta mögulega refsing fyrir kynferðisbrot gagnvart börnum er þegar samræði er haft við barn undir 15 ára. Í 202 gr. er ákvæði sem snýr að yngri börnum og eru viðurlögin við broti á þessari grein laganna strangari.

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 15 ára, skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Lækka má refsingu eða láta hana falla niður, ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi. Önnur kynferðisleg áreitni varðar fangelsi allt að 6 árum. Hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir barn á aldrinum 14–16 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

3.2 Lög um meðferð opinberra mála

Kynferðisbrotamál eru viðkvæm og vandmeðfarin. Því er mikilvægt að vanda til verks þegar tilkynnt er um kynferðislegt ofbeldi gegn barni og að rétt sé staðið að öllu ferlinu. Að sama skapi er mikilvægt að þær stofnanir sem að málunum koma hafi með sér gott samstarf þannig að ferlið gangi sem best og áfallalaust fyrir alla, sér í lagi barnsins vegna.

Í lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 með síðari breytingum (hér eftir oml.) má finna lýsingu á hlutverki og skyldum þeirra aðila sem koma að refsivörslukerfinu hérlendis. Í fyrsta kafla laganna er fjallað um gildissviðið en lögin taka til allra mála sem handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt nema þau sæti meðferð sérdómstóla sem oml. taka ekki til. Í III kafla laganna segir jafnframt að þinghöld skulu fara fram í heyranda hljóði nema að dómara þyki ástæða til annars og fer þá dómhald fram fyrir luktum dyrum. Í V. kafla laganna kemur fram að með ákærvald fara ríkissaksóknari sem er æðsti handhafi ákærvalds og lögreglustjórar, þar með talið ríkislögreglustjóri. Samkvæmt VI. kafla er skylt að gefa sakborningi upplýsingar um kæruefni áður en hann er yfirheyrður eða við handtöku ef til hennar kemur og á hann þá rétt á að hafa samband við lögmann sinn eða annan talsmann. Í greininni á eftir kemur

fram að lögreglu er skylt, eftir því sem við á, að leiðbeina brotapolu um réttindi hans lögum samkvæmt. Lögreglu er skylt að tilnefna réttargæslumann ef rannsókn máls beinist að broti gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga og brotapolu óskar þess (Lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 með áorðnum breytingum). Ávallt skal tilnefna réttargæslumann hafi brotapolu ekki náð 18 ára aldri og skal það gert eins fljótt og tilefni þykir til. Réttargæslumaður skal gæta hagsmuna brotapola, veita honum aðstoð í málinu og þar með talið að setja fram einkaréttarbótakröfur. Gert er ráð fyrir að hann sé viðstaddur skýrslutöku af brotapolu og síðar öll þinghöld í málinu. Réttargæslumaður á mjög takmarkaðan rétt á því að tjá sig fyrir dómi, að öðru leyti en því sem snýr að bótakröfu. Hann getur þó óskað þess að dómari beini spurningum til ákærða, þolanda eða vitna fyrir dómi (Berglind Svavarsdóttir, 2002).

Í VIII. kafla segir að sönnunarbyrðin hvíli á ákæruvaldinu. Öllum er skylt að koma fyrir dóm og bera vitni sé þess krafist. Í sama kafla er það tiltekið hverjir geta skorast undan vitnaskyldu og eru það aðilar nákomnir sakborningnum.

Í VIII. kafla laganna kemur fram að; rannsókn opinberra mála sé í höndum lögreglu nema annað sé mælt fyrir í lögum, að markmið rannsóknar sé að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferðar. Í næsta kafla laganna tekur við saksókn og undirbúningur málsmeðferðar og þar segir að lögum samkvæmt skuli refsiverður verknaður sæta ákæru nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum. Þegar ákærandi hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið athugar hann hvort sækja skuli mann til saka eða ekki. Ef hann telur það sem fram er komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa en annars leggur hann málið fyrir dóm (Lög um meðferð opinberra mála nr 19/1991 með áorðnum breytingum).

Í kafla XV kafla oml. er fjallað um málsmeðferðina. Þar segir að mál sé þingfest þegar dómari leggi ákæru og önnur gögn málsins fram á dómþingi. Aðalmeðferð máls hefst með því að ákærandinn gerir stuttlega grein fyrir ákæru og hvaða gögn styðja hana. Þá er tekin skýrsla af ákærða. Ef ákærði játar brotið er ákveðið í samráði við málflytjendur hvort að þörf sé á frekari sönnunarfærslu eða hvort fram sé komin nægileg sönnun á sekt ákærða sem ekki verði véfengd með skynsamlegum rökum. Síðan fer fram munnlegur málflutningur. Að honum loknum er málið tekið til dóms (Lög um meðferð opinberra mála nr 19/1991 með áorðnum breytingum).

3.3 Barnaverndarlögin

Í barnaverndarlögunum nr. 80/2002, sem eiga við einstaklinga yngri en 18 ára, er kveðið á um að börn eigi rétt á vernd og umönnun og að þau skuli njóta réttinda í samræmi við aldur og þroska. Eins skulu hagsmunir þeirra ávallt hafðir í fyrirrúmi (Barnaverndarlög, 2002).

Barnaverndarnefndir starfa á vegum sveitarfélaga og er hlutverk þeirra að hafa eftirlit með aðbúnaði og uppeldisskilyrðum barna í sveitarfélaginu og ef að börn búa á einhvern hátt við óviðunandi aðstæður, að beita þá þeim úrræðum sem heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni þeirra og velferð (Barnaverndarlög, 2002).

Í barnaverndarlögunum kveður jafnframt á um tilkynningarskyldu almennings og þeirra sem afskipti hafa af börnum. Þar segir að hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu, sé skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd. Gengur sú skylda framur þagnarskyldunni og því geta þeir sem vinna með börnum ekki lofað þeim börnum fullum trúnaði því lögum samkvæmt ber þeim að tilkynna barnaverndaryfirvöldum ef þeir hafa einhverja vitneskju um að brotið sé á barni, jafnvel þó að lög eða starfsreglur viðkomandi starfstétta hafi þagnarskylduna í hávegum (Barnaverndarlög, 2002).

4 Refsivörslukerfið

4.1 Ákvörðun refsingar

Á undanförunum árum hefur verið mikið í umræðunni að refsingar fyrir kynferðisbrot séu of vægar og að þær séu ekki í samræmi við réttarvitund almennings sem krefst hærri refsinga fyrir þessi brot.

Þegar kemur að ákvörðun refsingar þá er í fyrsta lagi átt við val á refsingu eða öðrum viðurlögum. Í öðru lagi hvort beita skuli fangelsisvist, varðhaldi eða fésekt. Í þriðja lagi hvort að refsidómur skuli skilorðsbundinn að hluta til eða í heild og í fjórða lagi hver refsingin eigi að vera en hún skal vera innan lögmætra refsimarka (Þorgeir Ingi Njálsson, 1996). Sjaldan er uppi vafi varðandi val á milli refsinga og annarra viðurlaga og hið sama á við þegar dómari stendur frammi fyrir því að velja á milli refsitögunda. Annað er uppi á teningnum þegar kemur að mati á því hver sé hæfileg refsing og hvort að rétt sé að skilorðsbinda refsinguna að einhverju eða öllu leyti (Þorgeir Ingi Njálsson, 1996). Ef

sakborningur er talinn hafa eitthvað sér til málsbóta getur komið til refsilækkunar en til refsihækkunar ef að þyngingarástæður eru fyrir hendi og í þessum tilvikum er dómurum heimilt að fara út fyrir lágmark og hámark refsimarka (munnleg heimild, Gunnlaugur Claessen, 16. júlí 2007; Ragnheiður Bragadóttir, 1999). Til að mynda ef sakborningur játar sakargiftir og sýnir samvinnu við að upplýsa mál þá er heimilt að taka tillit til þess sakborningi í hag. (munnleg heimild, Gunnlaugur Claessen, 16. júlí 2007).

Dómarar standa frammi fyrir vanda þegar refsing er ákveðin því að refsimörk laganna eru rúm og veita dómstólum takmarkaða vísbendingu um það hvaða refsing sé hæfileg. (Þorgeir Ingi Njálsson, 1995). Refsingar fyrir kynferðisbrot hafa hækkað síðastliðin ár. Slíkt gerist yfir tíma en ekki í stökkum. Dæmi er um að slíkt hafi gerst í öðrum brotaflokkum, sbr. fíkniefnamáli þar sem refsingar hafa verið hertar (munnleg heimild, Gunnlaugur Claessen, 16. júlí 2007).

Dómarar kappkosta að gæta samræmis í málum og ræður viss íhaldssemi ríkjum varðandi réttarframkvæmdina en þó verður ekki hjá því litið að afstaðan gagnvart ákveðnum brotum er ólík eftir dómurum og hversu alvarlegum augum brotið er litið í samfélaginu á þeim tíma sem dæmt er í málinu (Þorgeir Ingi Njálsson, 1996). Ákveðnar dómvenjur skapast sem gefa málum fordæmisgildi en þó getur samanburður á refsimati verið erfiður þar sem málin eru ólík. Það er því huglægt mat dómara sem ræður hversu há refsing er og hversu háar miskabætur þólandanum eru dæmdar (B.D, munnleg heimild, 20. Maí 2009). Sönnun á kynferðisbroti er skilyrði þess að til greiðslu miskabóta komi (Ása Ólafsdóttir, 2006).

4.2 Miskabætur

Miski er ófjárhagslegt tjón. Í grein Ólafs Jóhannessonar sem birtist í Úlfljóti árið 1948 og fjallaði um fjártjón og miska segir eftirfarandi: „miski er tjón sem ekki verður metið til peninga eftir almennum mælikvarða. Hann er fólgin í skerðingu hugrænna gæða, sem ekki hafa hlutlæga tilveru utan réttshafans eða eru svo bundin við einstakling þann, er þeirra nýtur, að jafn erfitt er að meta þau til fjár sem hin fyrrnefndu” (Ólafur Jóhannesson, 1948).

Í forsendum dóma fyrir kynferðisbrot kemur ósjaldan fyrir að kynferðisbrot séu til þess fallin að hafa í för með sér miska sem eigi að leiða til greiðslu miskabóta og eru það dómarar sem ákvarða hversu háar bæturnar skulu vera til handa brotþola og eru það dómvenjur sem ráða mestu um hversu háar bæturnar eru (Ása Ólafsdóttir, 2006).

Eðli kynferðisbrota er oft með þeim hætti að um er að ræða brot gegn kynfrelsi manna að undangengnu langvarandi ofbeldi sem brotþoli hefur sætt af hendi ákærða. Óvissa getur þá myndast um hvort að sá miski sem brotþoli hefur orðið fyrir eigi allur að koma til skoðunar eða einungis sá miski sem telja má að kynferðisbrotið hafi haft í för með sér. Andlegar afleiðingar brotsins fyrir brotþola eru eitt þeirra atriða sem litið er til við mat á sanngjörnum miskabótum til brotþola. Almennt er litið á að kynferðisbrot hafi í för með sér andlegan miska fyrir brotþola, jafnvel þó að takmörkuð gögn liggi fyrir um miska brotþola eða umfang tjónsins (Ása Ólafsdóttir, 2006).

Við mat á andlegum miska hafa íslenskir dómstólar einnig tekið tillit til aldurs brotþola og er algengt að ungur aldur brotþola leiði yfirleitt til hækkunar miskabóta. Einnig er horft til þess hvort að brotþoli hafi fyrri reynslu af kynlífi og ef ekki þá hefur brotþola verið dæmdar hærri bætur. Að sama skapi hefur truflun á námi eða skólagöngu í kjölfar kynferðisbrots orðið til þess að hærri miskabætur hafi verið dæmdar en ella (Ása Ólafsdóttir, 2006).

Í greinargerð með skaðabótalögum nr. 37/1999 var tekið fram að við mat á miskabótum til barna vegna kynferðislegrar misnotkunar ætti að líta til þess hversu alvarleg brotin væru og eðli verknaðarins, hve lengi misnotkunin hefði staðið og hvort um misnotkun fjölskyldu- eða trúnaðartengsla væri að ræða. Slík tengsl ættu ekki að leiða til lækkunar bóta. Jafnframt er tekið fram í skaðabótarétti að það eigi ekki að rýra rétt brotþola til skaðabóta að hann sé haldinn andlegum eða líkamlegum veikleikum (Ása Ólafsdóttir, 2006).

Þeim dómum hefur fjölgað þar sem brotþolum eru dæmdar miskabætur (Ása Ólafsdóttir, 2006). Vafalítið hefur setning reglna um réttargæslumenn í lögum um meðferð opinberra mála haft mikið að segja sem og setning laga um greiðsluábyrgð ríkissjóðs á bótum til brotþola.

Ýmsir hafa talið miskabætur almennt of lágar árum saman og hafa sett fram rökstudda og réttmæta gagnrýni. Miskabætur hafa hækkað í dómum síðustu ár. Hvorki er vitneskja um það hvort að bætur hafi hækkað meira til þolenda kynferðisbrota en annarra tjónþola (munnleg heimild, Gunnlaugur Claessen, 16.júlí 2007).

Erfitt getur verið að henda reiður á og sanna sálræna erfiðleika og andlegan miska sem afleiðingu kynferðisbrota. Því er það orðið svo að komin er á dómvenja um að brotþolar kynferðisofbeldis fái dæmdar miskabætur þó að takmörkuð gögn liggi fyrir sem sanni afleiðingar brotsins (Ása Ólafsdóttir, 2006). Í lögum um greiðslu ríkissjóðs á

bótum til þolenda afbrota segir í 7. gr. laga nr. 69/1995 að ríkissjóður greiði að hámarki 2,5 milljónir króna fyrir líkamstjón og 600 þúsund krónur fyrir miska og þarf því brotþoli ekki lengur að krefja sakamann sinn um alla upphæðina sem honum var dæmd. Getur það reynst þolendum kynferðisbrota erfitt, aukið kvíða þeirra og ýft upp þau sálrænu mein sem oft eru afleiðing slíkra brota. Auk þess að oft hefur sakamaðurinn ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að greiða sektina og því er þetta mikil réttarbót þolenda kynferðisofbeldis (munnleg heimild, Vigdís Erlendsdóttur fv. forstöðumaður Barnahúss). Þrátt fyrir augljósa réttarbót brotþola þá er á þessu einn galli. Hámarksgreiðsla ríkissjóðs fyrir brot hefur ekki breyst síðan löggin voru sett árið 1995 og hafa miskabæturnar því rýrnað verulega miðað við verðgildið árið 1995. (Ása Ólafsdóttir, 2006).

5 Vitnisburður barna

5.1 Minni barna

Minni samanstendur af þremur þrepum sem gera okkur kleift að muna og rifja upp hluti. Þessi þrep eru skráning, geymsla og endurheimt. Til að muna þarf atvikið að vera rétt skráð í upphafi auk þess sem sambandið á milli skráningar, geymslu og endurheimtar þarf að vera gott (Aldís U. Guðmundsdóttir og Jörgen L. Pind, 2003). Það þroskast ekki allir hlutar minnisgetu barna á sama tíma og er vitsmunaproski að einhverju leyti tengdur líkamlegum þroska og þroska heilans. Þar af leiðandi verður minni barna skilvirkara með aldrinum (Cole, Cole og Lightfoot, 2005). Minni barna er forsenda fyrir því að börn geti skýrt frá reynslu sinni. Þó að ung börn hafi ekki yfir að ráða eins markvissum minnisaðferðum og þau eldri þá hafa minnisrannsóknir sýnt fram á getu ungra barna, allt niður í þriggja ára, til þess að segja frá á nokkuð nákvæman hátt þó að langt sé liðið frá atburðinum (Jones og Krugman, 1985; sjá í Bidrose og Goodman, 2000). Rannsóknir Terr (1983,1988 og 1991) hafa leitt í ljós að börn sem hafa upplifað sársaukafullan atburð eru líklegri til að muna eftir honum nokkuð nákvæmlega heldur en börn sem ítrekað upplifa erfiða atburði, því þau muna síður eftir atburðinum þar sem þau ná að bæla minninguna um hann niður (Terr, 1983,1988, 1991; sjá í Bidrose og Goodman, 2000). Aðrar rannsóknir hafa sýnt fram á að börn muni frekar í smáatriðum eftir kynferðislegu ofbeldi sem hefur endurtekið staðið yfir í langan tíma því að ung börn eigi auðveldara með að kalla fram minningar um hefðbundna atburði og atburði sem þau hafa forskrift að

heldur en óhefðbundna (Myles-Worsley, Cromer og Dodd, 1984; sjá í Ceci og Bruck, 1993).

Ung börn eiga erfitt með að skilja að raunveruleika frá leik en í kringum fjögurra ára aldur má sjá aukna getu barna til þess að greina þar á milli. Þá eykst skilningur barna, m.a. á atburðum og þau eiga auðveldara með að vinna úr þeim upplýsingum sem berast úr umhverfinu (Flavell et al., 1986; sjá í Cole, Cole og Lighfoot, 2005). Börn eiga jafnframt oft í vanda með að greina á milli þess hvort atburður hafi átt sér stað eða þeim hafi verið sagt frá honum (Ceci og Bruck, 1999; Berliner og Elliot, 2002). Minni leikskólabarna er betra þegar kemur að athöfn eða verknaði frekar en hlutum. Að sama skapi er ferð í dýragarð eða leikhús eða eitthvað sem er sjaldgæft líklegt til að standa upp úr og „festast“ í minni barnsins (Jones, Swift og Johnson, 1988).

5.2 Börn sem vitni

Barn sem orðið hefur fyrir kynferðislegu ofbeldi er oftast eitt til frásagnar því sjaldan er um sönnunargögn eða vitni að ræða. Því standa venjulega orð barnsins gegn orðum gerandans því að oft og tíðum neita meintir gerendur sök (Lamb, Sternberg og Epslin, 1998).

Þegar börn eru látin bera vitni þarf að huga sérstaklega að þroska þeirra og getu til að svara þeim spurningum sem fyrir þau eru lagðar (Ceci, 1990; sjá í Ceci og Bruck, 1993). Mikilvægt er að kanna hugtakaskilning barnanna, málþroska þeirra og sjá hvar börnin eru stödd miðað við jafnaldra sína. Til að ná fram sem bestum vitnisburði hjá börnunum er mikilvægt að skoða frásagnir þeirra með tilliti til minnisgetu á hverju aldursbili, hvað það er sem þau muna, hversu lengi þau muna það og hversu nákvæmar minningarnar eru (Ceci og Bruck, 1993).

Skiptar skoðanir hafa verið um það hvort réttmætt sé að nota vitnisburð ungra barna, hvort að hann sé áreiðanlegur og hvort að hægt sé að treysta því að þau segi satt og rétt frá (Ceci og Bruck, 1993). Það hvort barn sé hæft til að bera vitni er háð aldri þess og almennum þroska. Ung börn eiga erfiðara með að gefa nákvæmar lýsingar á atburðum, jafnvel þótt vel sé staðið að skýrslutöku. Eins eiga þau erfiðara með að standast misvísandi og leiðandi spurningar. Mikilvægt er að þeir sem hafi sérfræðiþekkingu og þjálfun annist skýrslutöku af börnum (Lamb, Sternberg og Epslin, 1998). Rannsóknir hafa sýnt að magn upplýsinga sem vitni segir frá um tiltekinn atburð eykst með aldri þar sem getan til að gefa nákvæman og réttan vitnisburð og að greina sjálfstætt frá eykst með

aldrinum (Peterson og Bell, 1996; sjá í Ceci og Bruck, 1993). Ýmsar rannsóknir gefa til kynna að börn ljúgi ekki og að þeim beri að trúá. Aðrar gefa til kynna að taka beri vitnisburð barna með fyrirvara þar sem þau séu mjög sefnæm (Ceci og Bruck, 1993).

Sefnæmi (*suggestion*) er hugtak sem notað er þegar kemur að vitnisburði barna en með því er átt við að upplýsingar sem koma eftir að atburður er skráður í minni geta haft áhrif á upprunalegu minninguna, jafnvel án þess að viðkomandi viti af því sjálfur. Þá hafa sálrænir og félagslegir þættir áhrif á skráningu, geymslu og endurheimt atburðarins (Ceci og Bruck, 1993).

Minnisgeta og getan til að standast sefnæmi getur verið háð ýmsum þáttum og er breytileg hjá hverjum einstaklingi. Það sem getur haft áhrif er atburðurinn sjálfur og hversu sterk minningin um hann er, aldur þolandans og áhrif sem hann hefur orðið fyrir eftir að atburðurinn átti sér stað (Ackil og Zaragoza, 1995; Eisen, Quas og Goodman, 2001).

Börn á leikskólaaldri eru yfirleitt sefnæmari en eldri börn og fullorðnir (Ceci og Bruck, 1993) en þau eru sérstaklega sefnæm á aldrinum 3-5 ára (Lepore og SESCO, 1994). Þó geta bæði eldri börn og fullorðnir verið sefnæm líka sérstaklega ef þau eru spurð leiðandi spurninga (Ceci og Bruck, 1993). Ekki er þó hægt að staðhæfa að öll ung börn eigi í erfiðleikum með að muna rétt eða að þau séu endilega mjög sefnæm.

Niðurstöður rannsókna um minni og sefnæmi barna þegar kemur að erfiðri lífsreynslu eru misvísandi. Annars vegar gefa niðurstöður rannsókna á minningum um erfiða atburði það til kynna að minningarnar séu sérstaklega vel greiptar í minni (Epstein og Bottoms, 1998). Hins vegar gefa niðurstöður annarra rannsókna það til kynna að minningarnar séu ófullkomnar eða rangar (Bidrose og Goodman, 2000). Ennfremur hefur verið sýnt fram á tölverðan mun á börnum þegar kemur að því hvernig þau vinna úr minningum um erfiða atburði (Goodman og félagar, 1994; sjá í Bidrose og Goodman, 2000).

Ung börn, allt niður í þriggja ára, samræma frásagnir sínar við leiðandi spurningum sem tengjast misnotkun oftast en eldri börn (Goodman, og Aman, 1991). Ef til vill gera yngri börn sér ekki grein fyrir hversu óviðeigandi snerting á kynfæri er og eru því ekki eins viðkvæm fyrir slíkum spurningum og eldri börn. Hræðsla og ógnun getur aukið á sefnæmi ungra barna (Eipstein og Bottoms, 1998).

5.3 *Veikleikar barna sem vitna*

Ákveðnir annmarkar geta sett svip sinn á skýrslutöku af börnum. Auk þess að þurfa að meta þroska barna og getu þeirra til að svara ákveðnum spurningum þarf að taka tillit til þess að ung börn eru ekki vön að segja ítarlega frá reynslu sinni og líðan (Saywitz og Camparo, 1998).

Þegar börn bera vitni er mikilvægt að þau hafi skilning á merkingu þess að segja satt og ósatt og geri sér grein fyrir mikilvægi þess að segja rétt frá. Flestum rannsakendum ber saman um það að börn skilji yfirleitt mun á sannleika og lygi í kringum fjögurra ára aldur (Ceci, Leichtman og Putnick, 1992; sjá í Cederborg, 2004). Ung börn eru oftast samvinnuþýð og trúá því að fullorðinn spyrill sé að segja satt en sé ekki að blekkja þau (Lamb, Sternberg og Epslin, 1998; Ceci og Bruck, 1993). Börn geta átt það til að misskilja spurningar þeirra fullorðnu og fullorðnir svör barnanna. Erfitt getur verið að fá ung börn til að tjá sig um meint kynferðislegt ofbeldi þar sem þroski þeirra er ekki nægur til tjáningar um slíka atburði. Börn hafa oft takmarkaða málgetu og orðaforði þeirra inniheldur t.d. yfirleitt ekki orð yfir sárar tilfinningar. Þannig eiga þau oft erfitt með að tjá sig um streitufulla, neyðarlega og sársaukafulla atburði (Cederborg, 2004).

Börn undir 8-10 ára eiga erfitt með að skilja það háfleyga málfar sem tíðkast að nota í réttarsölum og er því mikilvægt að nota það orðalag sem börn á tilteknum aldri skilja til þess að fá fram sem réttustu og nákvæmustu frásögnina af atburði (Flin, Stevenson og Davies, 1989; sjá í Saywitz og Camparo, 1998).

Börn eru líklegri til að sleppa því að segja frá eða að ljúga um það sem þau hafa orðið vitni að eða upplifað ef þau óttast refsingu, hefndir eða auðmýkingu. Til að mynda getur barn sem orðið hefur fyrir sífjaspelli verið líklegra til að ljúga um upplifunina til að: forðast frekari misnotkun og persónulega auðmýkingu, halda fjölskyldunni saman eða vernda gerandann sem stendur þeim oft nærri og þeim þykir vænt um (Ceci og Bruck, 1993; Lepore og Sesco, 1994).

Börn geta verið treg til að svara spurningum þar sem aðstæður og umhverfi skýrslutökunnar eru þeim framandi auk þess sem þau gera gjarnan ráð fyrir að fullorðnir viti svörin fyrirfram (Ceci og Bruck, 1993). Svör þeirra geta oft verið samhengislaus og hafa rannsóknir sýnt að þegar börn eru endurtekið spurð á sefjandi hátt um atburði sem aldrei áttu sér stað, eykst tíðni samþykkis barnanna við hvert viðtal (Ceci og Bruck, 1993). Eins eykst hættan á röngum frásögnum þegar börn eru endurtekið spurð sömu spurninganna (Gelman, Meck og Merkin, 1986; sjá í Ceci og Bruck, 1993). Þegar börn

halda að þau hafi ekki svarað „rétt“eða í samræmi við það sem þau halda að spyrillinn vilji heyra þá reyna þau oft að koma með það svar sem þau telja að sé spyrilinum þóknanlegt (Ceci og Bruck, 1993).

6 Skýrslutaka

6.1 Skýrslutaka af börnum

Í sakamálum er framburður vitna, þar á meðal brotþola, meðal sönnunargagna sem dómari lítur til við mat sitt á því hvort sekt telst sönnuð. Vitnisburður í kynferðisbrotamálum er oft sérstaklega mikilvægur þar sem brotþolin er oft einn til frásagnar (Lamb, Sternberg og Epslin, 1998; sjá í Cederborg, 2004). Það er því mjög mikilvægt að skýrslutakan sé framkvæmd á þann hátt að hún nái tilgangi sínum að leiða í ljós hið rétta í málinu (Sigríður Ingvarsdóttir, 2006).

Dómari getur kvatt til kunnáttumann sér til aðstoðar við skýrslutöku af barni yngra en 18 ára. Sé sérfræðingur kallaður til er mikilvægt að viðkomandi hafi hlotið þjálfun í að spyrja börn en slíkur kunnáttumaður þarf einnig að bera gott skynbragð á hvað er mikilvægt að komi fram í skýrslutökunni (Sigríður Ingvarsdóttir, 2006). Dómari metur það hvaða sérfræðingur er kallaður til aðstoðar honum og í flestum tilvikum er rannsóknarlögreglumaður kallaður til. Ef dómari velur að láta sérfræðing Barnahúss taka skýrslu af barninu í Barnahúsi þá fer dómþing fram þar (Sigríður Ingvarsdóttir, 2006).

Sakborningur á rétt á því að vera viðstaddur skýrslutökuna og ef hann nýtir sér þann rétt þarf að gæta þess sérstaklega að barnið hitti hann ekki (Sigríður Ingvarsdóttir, 2006). Í lögunum er kveðið á um að ef dómari telur að nærvera sakbornings og verjanda hans geti orðið þolanda til íþyngingar eða á einhvern hátt haft áhrif á barnið eigi þeir ekki rétt á að vera í dómsal meðan skýrslutakan fer fram (oml.).

Í 4. gr. reglugerðar nr. 36/1999 gerir ráð fyrir því að skýrslutaka á rannsóknarstigi af brotþola yngri en 14 ára fari að jafnaði fram annars staðar en í dómsal. Ákvæðið heimilar dómara einnig að ákveða að skýrslutökur af börnum á aldrinum 14-18 ára fari fram annars staðar en í dómsal ef sérstakar ástæður mæla með því. Samkvæmt 5. gr. reglugerðarinnar skal skýrslan tekin í sérútbúnu húsnæði, ef þess er nokkur kostur. Setur ákvæðið ákveðin skilyrði sem slíkt húsnæði þarf að uppfylla. Skal herbergið, sem skýrslutaka fer fram í, vera útbúið á þann hátt að barninu líði sem best þar. Mikilvægt er

að andrúmsloftið við skýrslutökuna sé rólegt og yfirvegað þannig að barnið nái þeirri ró sem það þarf að vera í til að geta gefið skýrsluna (Cederborg, 2004).

Framburður barnsins er tekinn upp á myndband sem seinna er notað við síðari meðferð málsins og þarf barnið því einungis að rifja upp og segja einu sinni frá misbeitingunni. Rannsóknir hafa sýnt að það að þurfa margsinnis að rifja upp streitufullan atburð geti valdið barninu vanlíðan (Cederborg, 2004).

Ef að mistök eru gerð við skýrslugerðina getur tækifærið til að fá fram ítarlegan og trúverðugan framburð glatast og sönnunargildi skýrslunnar fyrir dómi rýrnað. Mikilvægt er að fá sem skýrasta mynd af atburðinum frá barninu svo að saklaus maður verði ekki sakfelldur og að sama skapi er mikilvægt að sekur maður verði ekki sýknaður.

6.2 Viðtalstækni

Rannsóknir gefa til kynna að jafnvel mjög ung börn geti við réttar aðstæður gefið nákvæman vitnisburð. Sér í lagi ef þau eru yfirheyrð á faglegan hátt af fólki sem hefur þekkingu og reynslu af rannsóknarviðtölum við börn í því umhverfi sem börnunum líður vel í. Rannsóknir hafa sýnt fram á leiðir sem auka líkur á réttum og nákvæmum vitnisburði barna (Bull, 1995; sjá í Saywitz og Camparo, 1998). Mikilvægt er að barn sé ekki yfirheyrð oft og ekki af mörgum mismunandi aðilum. Réttasti vitnisburðurinn fæst að jafnaði í fyrsta viðtali (Cederborg, 2004). Til að auka áreiðanleika frásagna barna á leikskólaaldri verða spyrjar að huga að málnotkun, innihaldi og þess hvort spurningarnar séu opnar frekar en leiðandi. Spyrjar geta dregið úr hættunni á misskilningi með því að hafa spurningarnar stuttar, nota einfalt málfar og orðaforða sem börnin skilja (Cederborg, 2004).

Frjáls upprifjun er yfirleitt nákvæmasta og réttasta gerð minnisfrásagnar (Dent og Stephenson, 1979, sjá í Ceci og Bruck, 1993). Vandinn við frjálsa upprifjun er þó sá að slíkar frásagnir eru oft stuttar og smáatriði vantar. Í samanburði við takmarkaða upprifjunargetu ungra barna eiga þau yfirleitt nokkuð auðvelt með að þekkja aftur hluti og atburði (Jones, Swift og Johnson, 1988).

Spyrlum reynist stundum erfitt að fá heildstæða mynd af atburðinum og oft dugir frjáls upprifjun ekki til. Þá þurfa rannsakendur að leiða börnin áfram með ákveðnum spurningum um einstök atriði til þess að fá nógu skýra mynd af atburðinum (Underwager og Wakefield, 1989; sjá í Lepore og Sesco, 1994). Nákvæmar spurningar geta verið áhrifaríkari en frjáls upprifjun til að fá börnin til að segja frá misnotkuninni ef gerandinn

hefur sagt þeim að segja ekki frá (Lepore og SESCO, 1994). Nákvæmar spurningar geta hjálpað til að leysa þann vanda sem felst í takmörkuðum orðaforða ungra barna. Sérstaklega varðandi kynferðismál og takmarkaðan skilning ungra barna á því hvaða upplýsingar skipta máli og hvers er ætlast til að þau segi frá (Lamb, Sternberg og Epslin, 1998). Börn sem treg eru til að tjá sig um reynslu sem þau skammast sín fyrir eru líklegri til að viðurkenna þá reynslu ef þau eru spurð nákvæmra spurninga heldur en ef þau eruð beðin um að rifja frjálst upp (Saywitz, Goodman, Nicholas og Moan, 1991; sjá í Saywitz, Goodman og Lyon, 2002).

Magn upplýsinga sem fæst eykst þegar börn eru spurð nákvæmlega um þær upplýsingar sem óskað er eftir eða þegar þau eru leidd áfram með vísbendingum. Þá hættir þeim þó til að gera villur sem þau annars myndu ekki gera (Dent og Stephenson, 1979; sjá Ceci og Bruck, 1993). Ung börn gera að meðaltali fleiri villur í frásögnum sínum en eldri börn og fullorðnir og eru oft erfiðari viðfangs í viðleitni spyrilsins til að fá fram réttar og nákvæmar frásagnir (Cesi, Ross og Togolia; sjá í Lepore og SESCO, 1994). Þegar 4-6 ára börn eru spurð leiðandi spurninga eru þau líklegri til að gefa rangar upplýsingar (Lepore og SESCO, 1994).

Frásagnir barna geta orðið óáreiðanlegar ef að þau eru spurð leiðandi spurninga. Ef spyrjar spyrja börn já/nei spurninga getur reynst nauðsynlegt að fylgja þeim eftir með spurningum sem krefjast þess að þau útskýri svar sitt með sínum eigin orðum til að greiða úr merkingu svaranna (Lamb et. al, 1994; sjá í Lamb, Sternberg og Epslin, 1998).

6.3 Skýrslutaka í Héraðsdómi

Í grein sinni frá árinu 2006 um skýrslutökur af börnum fyrir dómi lýsir Sigríður Ingvarsdóttir þeirri aðstöðu sem Héraðsdómur Reykjavíkur hefur yfir að ráða:

„Þar er sérútbúið herbergi sem búið er hlýlegum og þægilegum húsgögnum þar sem fer vel um börnin. Spegill er í herberginu en bak við hann er annað herbergi. Þeir sem þar eru geta fylgst með skýrslutökunni um leið og hún fer fram. Þess er sérstaklega gætt að svæðið, þar sem skýrslutakan fer fram, sé ávallt læst allan tímann sem þinghaldið stendur yfir.“ (Sigríður Ingvarsdóttir, dómstólar.is)

Í réttarfarslögum er gert ráð fyrir því að verjandi sakbornings og aðrir, sem þar eru tilgreindir, séu viðstaddir skýrslutökuna. Þessir aðilar eiga rétt á því að koma að spurningum þegar barnið gefur skýrslu. Reynt er eftir fremsta megni að láta skýrslutöku í þessum málum fara fram eins fljótt og mögulegt er þar sem það er talið þjóna bæði hagsmunum barnsins og rannsóknarinnar (Sigríður Ingvarsdóttir, 2006).

Reynt er að skipuleggja tíma fyrir skýrslutökuna þannig að skólaganga barnsins verði sem minnst trufluð. Þó er þess gætt að barnið þurfi ekki að mæta mjög seint að deginum til slíks viðtals til þess að tryggja það að barnið verði ekki orðið of þreytt og illa upplagt (Sigríður Ingvarsdóttir, 2006).

7 Barnahús

7.1 Stofnun Barnahúss og starfsemi þess

Hinn 1.nóvember 1998 hóf Barnahús starfsemi sína. „Hugmyndafræðin að baki Barnahúss var einkum að koma í veg fyrir endurtekið áfall hjá barni og reyna að upplýsa mál eins vel og unnt væri” (Barnaverndarstofa, 2000). Svo þessu markmiði yrði náð þótti mikilvægt að barnið fengi alla þjónustu á sama stað og að barnið þyrfti að lýsa reynslu sinni sem fyrst eftir hinn meinta atburð, fyrir eins fáum viðmælendum og eins sjaldan og mögulegt væri. Eins yrði að gera þá kröfu að sá sem tæki slík viðtöl byggi yfir sérstakri þekkingu og reynslu á þessu sviði. Hugmyndin var sú að þeir sem vinna við þessi mál, barnaverndaryfirvöld, lögregla og saksóknari fengju aðgang að sérfræðingi á sviði rannsóknarviðtala sem sæju um hin eiginlegu viðtöl við barnið, þó þannig að rannsóknaraðilar gættu jafnframt þeirra hagsmuna sem þeim er skylt lögum samkvæmt og gætu tryggilega fengið fram allar þær upplýsingar sem þörf væri á. Það þótti einnig mikilvægt að barnið fengi alla þá þjónustu sem það þyrfti á að halda á einum og sama staðnum til að koma í veg fyrir endurtekin áföll. Þar af leiðandi er aðstaða í Barnahúsi til rannsóknarviðtala, læknisskoðana, greiningar og meðferðar (Barnaverndarstofa, 2000).

Verkefni Barnahúss eru margvísleg en má þar helst nefna; ráðgjöf við upphaf máls, leiðbeiningar við könnun máls, könnunarviðtal eða skýrslutaka fyrir dómi, framkvæmd viðtala, læknisskoðun sem og greining og meðferð (Barnaverndarstofa, 2006).

Aðstaða til læknisskoðunar er mjög góð í Barnahúsi og er hún framkvæmd þar ef barnaverndarnefnd, lögregla, forsjáraðilar barns eða barnið sjálft óska eftir því. Þetta hefur þá kosti að ekki þarf að vísa barninu á Landspítalann til skoðunar sé læknisskoðunar þörf. Læknisskoðunin er framkvæmd af vönu fólki og fer að jafnaði fram nokkrum dögum eftir rannsóknarviðtalið (Barnaverndarstofa 2006).

Óski barnaverndarnefnd eftir greiningu og meðferð fyrir barnið eða komi fram upplýsingar í rannsóknarviðtali sem gefa til kynna að barn þurfi á meðferð að halda eru forsjáraðilar barns upplýstir um þá þjónustu. Komi barn til með að þurfa þá þjónustu er

áhersla lögð á greiningu í fyrstu fjórum viðtölunum en að hámarki eru veitt tíu meðferðarviðtöl auk greiningarviðtalanna. Þó eru veittar undanþágur fyrir frekari meðferð sé þess talin þörf. Meðferðin er veitt í heimahéraði barns ef þess er óskað og einnig eru forsjáradilum barnsins veittur stuðningur og ráðgjöf eftir því sem við á (Barnaverndarstofa, 2006).

7.2 Skýrslutaka í Barnahúsi

Viðtalið í Barnahúsi fer fram í sérútbúnu viðtalsherbergi sem notað er til að framkvæma könnunarviðtöl og skýrslutökur. Aðeins barnið og spyrjandinn eru staddir í viðtalsherberginu og er framburður barnsins tekinn upp á myndband svo hann geti nýst sem sönnunargagn fyrir dómstólum á síðari stigum málsins ef til þess kemur. Viðtalinu er varpað beint í sérstakan fundarsal og þannig geta þeir sem þurfa að heyra framburð barnsins fylgst með. Ef viðtalið er hluti af lögreglurannsókn fer það fram undir stjórn dómara að viðstöddum fulltrúa ákærvalds, verjanda sakbornings, réttargæslumanni barnsins, starfsmanni barnaverndarnefndar, fulltrúum lögreglu og sakborningi sjálfum krefjist hann þess (Barnaverndarstofa, 2006). Dómari stjórnar skýrslutökunni úr þessum fundarsal og getur ásamt öðrum sem eru viðstaddir komið spurningum sínum á framfæri til þess sem spyr barnið, með hjálp sérstaks búnaðar, án þess að barnið verði þess vart. Þegar um könnunarviðtal er að ræða er það einungis starfsmaður barnaverndarnefndar sem fylgist með viðtalinu og ber formlega ábyrgð á framkvæmd þess (Barnaverndarstofa, 2006).

Rannsóknarviðtöl sem tekin eru af sérfræðingum í Barnahúsi eru tekin eftir ákveðinni aðferð. Þessi aðferð er alþjóðlega viðurkennd og byggist á niðurstöðum rannsókna sem gerðar hafa verið á viðbrögðum barna við yfirheyrslum og frásögnum þeirra af atburðum, meðal annars með tilliti til þroska. Með þessum aðferðum er stefnt að því að fá fram eins nákvæma og sjálfstæða frásögn barnsins af meintu kynferðisbroti og frekast er kostur. Í þessari sérstöku aðferð skal spyrjandinn vera hlutlaus og fylgja ákveðinni uppbyggingu viðtals (Margrét Vala Kristjánsdóttir, 2001).

Byrjað er á því að kanna hvort barnið geri greinarmun á því sem er satt og því sem er ósatt. Gerð er könnun á þroska barnsins og hugtakaskilningi þess. Reynt er að hvetja barnið til þess að koma með almenna frásögn af hlutlausum atburðum úr lífi sínu og reynt er að opna umræður um hugsanlegt kynferðislegt ofbeldi. Ef sérfræðingur telur þörf á frekari upplýsingum beinir hann sérhæfðari spurningum að barninu. Markmiðið með

beitingu þessarar aðferðar er að tryggja fyllsta hlutleysis spyrjandans enda hafi viðkomandi fengið þjálfun í að beita henni (Margrét Vala Kristjánsdóttir, 2001).

Samantekt og rannsóknartilgátur

Í þessari rannsókn verður skoðuð kynjaskipting og aldursdreifing þolenda og gerenda í kynferðisbrotamálum gegn börnum. Eins verður alvarleiki og ásýnd brota skoðuð, tengsl gerenda við þolendur og aldur barns við upphaf brota. Jafnframt verður kannað hversu algengt það er að börnum sem þolendum kynferðisbrota sé hótáð, umbunað eða þeim sagt að halda ofbeldinu leyndu. Þetta verður skoðað með tilliti til aldurs þolenda og tengsla við gerendur. Rannsókn Beitchman og félagar (1992) gaf til kynna að ókunnugir gerendur séu líklegri til að hóta og umbuna þolendum heldur en þeir sem eru tengdir þeim. Þeir sem eru nánir þolandanum eru líklegastir til þess að segja honum að halda misnotkuninni leyndri (Beitchman og félagar, 1992). Búist er við að niðurstöðurnar verði á þá leið að þeir sem eru tengdir gerandanum náði sé sagt að segja ekki frá en að þolendum ókunnugra gerenda sé frekar hótáð eða umbunað.

Rannsóknir hafa einnig sýnt að eftir því sem kynferðisbrot eru alvarlegri, þau standa lengur yfir og tengsl milli þolanda og gerenda séu nánari því meiri afleiðingar hafi það fyrir barnið (Kendall-Tackett, Williams og Finkelhor, 1993; Russell, 1983 sjá í Fischer og McDonald, 1998). Eins hafa rannsóknir sýnt fram á lítil tengsl milli aldurs barns við upphaf brots og afleiðinga misnotkunarinnar, sérstaklega þegar stjórnað er fyrir aðra þætti (Browne og Finkelhor, 1986). Þar sem miskabætur fara eftir ýmsum þáttum, s.s. alvarleika brota og afleiðingum er upphæð miskabóta notuð í þessari rannsókn sem mælikvarði á alvarleika brotsins og afleiðingar þess fyrir þolandann. Þess er vænst að því alvarlegri sem brotin eru og því lengur sem þau standi yfir því hærri miskabætur séu þolendunum dæmdar. Auk þess er búist við að því nánari sem tengslin séu því hærri miskabætur séu dæmdar. Ekki er talið að aldur einn og sér hafi áhrif á ákvörðun miskabóta.

Kannað verður hverjar meðaltalsmiskabætur voru á þeim árum sem rannsóknin tók til og hvort að miskabætur til þolenda hafi hækkað meira en nemur almennum verðlagshækkunum. Samkvæmt Gunnlaugi Claessen, dómara við Hæstarétt Íslands, hafa miskabætur almennt hækkað síðustu ár en þó ekki meira í kynferðisbrotamálum en öðrum málum (munnleg heimild, 16.júlí 2007). Samkvæmt rannsókn Ásu Ólafsdóttur

(2006) hafa miskabætur ekki hækkað að verðgildi síðustu ár. Miskabætur í þeim málum sem þessi rannsókn tekur til verða uppreiknaðar með tilliti til vísitölu neysluverðs í apríl 2009. Búist er við að miskabætur í kynferðisbrotamálum hafi ekki hækkað meira en nemur almennum verðlagshækkunum.

Aðferð

Rannsóknargögn

Unnið var með sektardóma sem kveðnir voru upp í kynferðisbrotamálum gegn börnum á árunum 2000 til og með 2007 í öllum héraðsdómstólum landsins, fyrir utan Reykjavík. Þar var ekki unnið með alla dóma sem voru kveðnir upp í héraðinu á þessum tíma heldur þá héraðsdóma sem var áfrýjað til Hæstaréttar árin 2000-2006 og svo alla héraðsdóma sem kveðnir voru upp á tímabilinu apríl 2006 til loka árs 2007. Ástæðan var sú að ekki reyndist unnt að fá dóma frá Héraðsdómi Reykjavíkur og því var ákveðið að styðjast við þá dóma sem áfrýjað hafði verið til Hæstaréttar og voru aðgengilegir á veraldarvefnum (www.haestirettur.is). Frá apríl 2006 urðu héraðsdómar aðgengilegir á www.domstolar.is og því hægt að sækja þangað alla dóma sem kveðnir voru upp í héraðsdómum landsins frá apríl 2006 til lok árs 2007. Dómarnir höfðu að geyma allar þær upplýsingar sem notaðar voru við rannsóknina og því var ekki um eiginlegt úrtak að ræða. Einungis sektardómar þar sem brotaþolar voru 18 ára og yngri og gerendur 15 ára og eldri voru notaðir við úrvinnsluna og voru þeir 75 talsins. Upphaflega voru dómarnir 81 en notast var við 75 dóma þar sem 6 dómar mættu ekki viðmiðum rannsóknarinnar. Í þeim dómum voru þolendur ýmist eldri en 18 ára, gerendur yngri en 15 ára og í einum dómnum var um fatlaðan einstakling að ræða sem var eldri en 18 ára. Að auki bárust tveir sýknudómar frá einum héraðsdómstólanna. Samtals 6 dómar.

Mælitæki

Búinn var til gátlisti í samráði við dr. Jón Friðrik Sigurðsson, forstöðusálfræðing á geðsviði Landspítalans, og Vigdís Erlendsdóttur, sálfræðing og fv. forstöðumann Barnahúss. Hann byggist á þeim þáttum sem liggja til grundvallar ákvörðunar miskabóta í refsivörslukerfinu (skaðabótalög nr. 37/1999). Fyllt var út í listann fyrir hvern og einn brotaþola (sjá viðauka 1).

Á gátlistanum komu fram almenn atriði sem snúa að rannsókninni og tengdust brotaþola, geranda, eðli brotanna og lyktum mála í héraðsdómi. Breytur sem tengdust

brotapola og geranda voru; aldur og kyn gerenda og þolenda, tengsl milli þeirra og aldur þegar brot var framið. Breytur sem tengjast eðli brotanna voru: alvarleikastig og ásýnd, hvar brotið hafi verið framið og hvort gerandi hafi hóttað eða umbunað brotapolu með einhverjum hætti eða krafist þess að þolandinn segði ekki frá. Einnig komu fram atriði sem sneru að brotinu sjálfu, hvort að sannað hafi verið að brotið hafi átt sér stað og þá hversu oft. Jafnframt voru þau atriði sem tengdust lyktum máls fyrir héraðsdómi skoðuð, þ.e hvort mál hafi verið til lykta leitt með sektar- eða sýknudómi eða hvort dómurinn var skilorðsbundinn að hluta til. Jafnframt var skoðað hvort miskabóta hefði verið krafist, þá hve hárra og hvort þolandanum hefðu verið dæmdar bætur og þá hversu háar. Á gátlistanum kom einnig fram hvort læknisskoðun hefði farið fram og þá hvort áverkar hafi komið fram í skoðuninni. Skoðað var hvort fram hafi komið í dómsorðum hvort framburður þolandans og gerandans hafi verið metinn trúverðugur og hvort legið hafi fyrir játning að hluta til eða að fullu.

Í samráði við leiðbeinendur rannsóknarinnar, dr. Jakob Smára, prófessor í sálfræði og dr. Urði Njarðvík, lektor í klínískri barnasálfræði, ákváðu rannsakendur hvaða breytur af gátlistanum skyldu skoðaðar. Alls voru 33 breytur skráðar á gátlistann en notast við 24 sem voru svo skráðar í tölfræðiforritið SPSS (Statistical Package for the Social Science).

Til að auðvelda úrvinnsluna voru breytur skilgreindar og flokkaðar eftir eðli, alvarleika og tíðni (sjá viðauka 2). Skilgreiningarnar byggðu á útlistun Þorbjargar Sveinsdóttur, sérfræðings Barnahúss, á alvarleika og ásýnd brota og tengsla þolenda og gerenda sem var nokkuð ítarlegri en byggði á skilgreiningu Guðjóns. M. Bjarnasonar og Ómars H. Kristmundssonar sem unnu rannsókn á vegum Barnaverndarstofu á afdrifum kynferðisbrotamála gegn börnum á Íslandi árin 1995-1997.

Við úrvinnslu gátlistans voru tengsl gerenda og þolenda flokkuð í þrjá flokka: náin tengsl, kunnugir og ókunnugir (sjá viðauka 2).

- 1- Náin tengsl: tengjast barni fjölskylduböndum (faðir, móðir, stjúpfaðir, stjúpmóðir, frændi, frænka) og annar skyldleiki
- 2- Kunnugir: þeir sem þekkja til barns: fjölskylduvinur, gæsluaðili, nágrenni og vinur/kunningi
- 3- Ókunnugir: þeir sem þekkja ekki til barns.

Kynferðisbrotin voru flokkuð í fimm alvarleikastig, frá vægari brotum af alvarleikastigi 1 upp í gróf brot af alvarleikastigi 5. Alvarleikastig hækkaði sem sagt eftir því sem brotin voru grófari. Útlistun á því hvað taldist til hvaða alvarleikastigs má sjá hér að neðan og einnig í viðauka 2:

Alvarleikstig 1:

Óeðlilegur áhugi á barni

Kynferðislegur talsmáti

Þukl á líkama utan klæða (ekki kynfæri)

Kynferðislegar ljósmyndir eða myndbönd sýnd eða tekin

Kossar á andlit eða tilraunir til þeirra (ekki munn)

Alvarleikastig 2:

Kossar á munn eða tilraunir til þess

Sýnihneigð (gerandi fækkar klæðum)

Fróun að barni ásjáandi

Gægjuhneigð (klæðum fækkað á barni)

Þukl og snerting á líkama barns innan klæða (ekki kynfærum)

Þukl á kynfærum barns utan klæða

Barn látið snerta kynfæri geranda utan klæða

Alvarleikastig 3:

Grófari snerting eða strokur

Þukl á kynfærum barns innan klæða

Barn látið snerta kynfæri geranda innan klæða

Barni fróað

Barn látið fróa geranda

Alvarleikastig 4:

Tilraun til innþrengingar í munn, leggöng eða endaparm með fingri, hlutum eða getnaðarlimi

Innþrenging framkvæmd í endaparm eða leggöng með fingri eða hlutum

Munnmök við barn

Alvarleikastig 5:

Fullt samræði við barn (innþrenging framkvæmd) í leggöng eða endaparm
Ásýnd brota var einnig skilgreind út frá alvarleika og tíðni í fimm flokka, frá einu vægu broti upp í endurtekin gróf brot. Væg brot voru skilgreind sem brot af alvarleikastigi 1, 2 og að hluta til á alvarleikstigi 3. Gróf brot voru skilgreind sem brot af grófari brotum alvarleikastigs 3 og alvarleikastigs 4 og 5.

Ásýnd brota

Eitt skipti vægt brot

Endurtekin væg brot

Eitt skipti gróft brot

Endurtekin brot, frá vægum í gróf

Endurtekin gróf brot


Framkvæmd

Byrjað var á að senda Persónuvernd tilkynningu um vinnslu rannsóknarinnar. Eftir það var dómum sem kveðnir voru upp á árunum 2000 til og með 2007 safnað saman, þeir lesnir yfir og fylltur út gátlisti fyrir hvern og einn brotapol. Því næst var gagnasafnið sett upp í SPSS forritinu þar sem úrvinnsla gagna fór fram. Miskabætur voru skoðaðar frekar en refsing því að í sumum málum voru gerendur dæmdir fyrir brot gegn fleiri en einu barni og því voru miskabætur taldar vera góður mælikvarði á þann miska sem talið var að brotin hefðu gegn hverjum og einum þolanda. Miskabætur voru uppreiknaðar til verðlags í apríl 2009 með tilliti til vísitölu neysluverðs og búin til ný breyta sem uppreiknaðar miskabætur. Vísitala neysluverðs er mælikvarði á milli tímabila og lítur til verðbreytinga á vörum og þjónustu sem eru á útgjaldalið heimilanna í landinu. Vísitala neysluverðs er notuð til að reikna verðbólgu í landinu og í apríl 2009 stóð hún í 336 stigum. Reikniforritið Excel var notað við framsetningu niðurstaðna.

Niðurstöður

Aldur og kyn þolenda og gerenda

Í þeim málum sem sækfellt var í voru stúlkur í miklum meirihluta þolendur. Eins og sjá má á Mynd 1 voru stúlkur 89,1% þolenda eða 114 talsins af 128 fórnarlömbum á meðan drengir voru tæp 10,9% eða 14.



Mynd 1. Þolendur kynferðisbrota eftir kyni

Tafla 1. Aldur gerenda og þolenda.

	Fjöldi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Meðaltal	Staðalfrávik
Þolendur	120	3	17	10,34	3,49
Gerendur	75	15	71	37,02	16,81


Í Töflu 1 má sjá að aldursdreifing þolenda við upphaf brota var á bilinu þriggja til 17 ára en meðalaldur var rúm 10 ár ($sf=3,49$). Meðalaldur gerenda var 37 ár ($sf=16,81$) þar sem yngsti gerandinn var 15 ára en sá elsti 70 ára. Í um helmingi málanna kom aldur geranda ekki fram að öðru leyti en að þeir væru fullorðnir karlmenn. Gerendurnir voru í öllum málunum karlkyns og var því engin kona dæmd til refsingar.

Tafla 2. Meðalaldur þolenda þegar brot var framið eftir tengslum við geranda

	n	lægsta	Hæsta	meðaltal	sf
Náinn	41	3	17	9,1	3,56
Kunnugur	60	3	17	11,07	3,16
Ókunnugur	17	6	17	11,41	3,32


Meðalaldur þolenda þar sem gerandinn var þeim náinn var 9,1 ár (sf= 3,5). Meðalaldurinn var 11,07 ár (sf= 3,16) þar sem gerandinn var þeim kunnugur og 11,41 ár (sf=3,32) þar sem þolandinn var ókunnugur gerandanum. Eins og fram kemur í Töflu 2 þá voru yngstu börnin þriggja ára og þau elstu 17 ára sem voru misnotuð af gerendum sem voru þeim nán eða kunnug. Yngsta barnið sem var misnotað af ókunnugum var sex ára en það elsta 17 ára.

Tengsl gerenda og þolenda




Mynd 2. Tengsl gerenda og þolenda

Niðurstöðurnar sýna að gerandi þekkti til barns í 84% tilvika eða í 105 málum af þeim 125 þar sem tengsl milli þolenda og gerenda voru kunn. Eins og Mynd 2 sýnir voru því einungis 20 gerendur eða 16% sem voru ókunnugir barninu að öllu leyti. Tengsl voru nán milli gerenda og þolenda í 41 tilviki (32,8%) en 64 gerendur (51,2%) voru kunnugir fórnarlömbum sínum. Í þremur málum komu tengslin ekki fram.



Mynd 3. Tengsl gerenda og þolenda eftir aldri

Mynd 3 sýnir tengsl gerenda og þolenda eftir aldursflokkum barnanna. Á henni sést að af þeim 120 þolendum, þar sem aldur kom fram, voru 21,7% barnanna eða 26 talsins á aldursbilinu 3-7 ára. Í aldurshópnum 8-12 ára voru 40,8% barnanna eða 49 talsins og að lokum voru 37,5% barnanna í aldurshópnum 13-17 ára eða 45 börn. Náin tengsl milli gerenda og þolenda voru algengari í tveimur yngri aldurshópnum (3-7 ára og 8-12 ára) heldur en þeim elsta (13-17 ára). Í aldurshópnum 3-7 ára þekktu gerendur til þolenda sinna í 23 tilvikum af 24. Tólf börn tengdust gerandanum náíð og 11 börn voru kunnug honum. Aðeins eitt barn af 26 í yngsta aldurshópnum þekkti ekki til gerandans. Af þeim 49 þolendum sem voru í aldurshópnum 8-12 ára þekktu 40 börn til gerandans, þar af voru 22 tengdir börnunum náíð en 18 börnunum kunnugir. Í aldurshópnum 13-17 ára voru einungis sjö þolendur nánir geranda sínum en 31 kunnugir honum. Ókunnugir fröndu oftast brot gagnvart börnum á aldrinum 8-12 ára eða í 9 tilvikum. Í aldursflokknum 13-17 ára voru þolendur ókunnugir gerandanum í 7 málum.




Mynd 4 Tengsl gerenda og þolenda eftir alvarleikastigi brota

Á Mynd 4, sem sýnir tengsl gerenda og þolenda eftir alvarleikastigi brota, má sjá að brotin eru alvarlegri ef gerandinn er náinn eða kunnugur barninu. Ókunnugir fremja frekar vægari brot gegn börnum en þeir sem eru nánir eða kunnugir barninu stunda grófari brot. Af þeim brotum sem flokkuðust til alvarleikastigs 1 voru fimm gerendur kunnugir þolandanum og fjórir ókunnugir. Enginn gerandi brots af alvarleikastigi 1 var náinn þolanda sínum. Af þeim sem frömdu brot af alvarleikastigi 2 voru 15 kunnugir þolanda sínum, sjö ókunnugir og tveir nánir þeim. Þeir sem frömdu brot af alvarleikastigi 3 voru flestir kunnugir þolanda sínum, eða alls 21, 15 gerendur voru nánir þolandanum en aðeins 1 gerandi var ókunnugur. Af þeim brotum sem töldust til alvarleikastigs 4 voru alls 18 gerendur nánir þolanda sínum, 14 voru kunnugir honum og einungis þrjár gerendur voru ókunnugir. Flestir gerendur brota af alvarleikastigi 5 voru kunnugir þolandanum eða alls níu gerendur, sex gerendur voru tengdir þolanda sínum nánnum böndum og fimm gerendur voru ókunnugir þolanda sínum.


Eðli og ásýnd brota

Niðurstöður leiddu í ljós að algengast var að brot væri framið á heimili geranda eða í 58 skipti af 128 (45,3%). Í níu skipti (7%) átti brot sér stað á heimili þolanda og í sex skipti (4,7%) gerðist brotið á sameiginlegu heimili geranda og þolanda. Í 31 skipti (24,2%) átti misnotkunin sér stað annars staðar en á þessum ofangreindum stöðum og í 24 skipti (18,8%) gerðist brotið á fleirum en einum ofangreindra staða.




Mynd 5. Tíðni kynferðisbrota eftir alvarleikastigi

Eins og sjá má á Mynd 5 voru brot sem teljast til alvarleikastigs 3 og 4 algengust og áttu sér stað í 58,6% tilvika samanlagt. Brot sem töldust til alvarleikastigs 3 voru 38 talsins (29,7%) og brot á alvarleikastigi 4 voru 37 talsins (28,9%). Einungis níu (7%) brot töldust til alvarleikastigs 1, 24 (18,8%) brot tilheyrðu alvarleikastigi 2 en 20 (15,6%) brot sem framin voru töldust til alvarleikastig 5, sem er fullt samræði við barn. Á þessu má sjá að 25,8% brotanna voru því væg (alvarleikastig 1 og 2), 29,7% brotanna gróf (alvarleikastig 3) og 45,5% brotanna voru mjög gróf brot (alvarleikastig 4 og 5).




Mynd 6. Alvarleiki brotanna eftir aldri þolenda

Brot af öllum alvarleikastigum eru framin gegn börnum á öllum aldri. Á Mynd 6, sem sýnir alvarleikastig brotanna eftir aldri þolenda, má þó sjá að því eldri sem börnin eru því alvarlegri eru brotin. Þegar alvarleikastig brota eru skoðuð út frá aldri barnanna kemur í ljós að brot af alvarleikastigi 1, 2 og 3 eru framin gegn börnum á öllum aldri en eru þó algengari meðal barna á aldrinum 3-7 ára heldur en þeirra eldri. Brot af alvarleikastigi 4 og 5 eru hins vegar mun algengari meðal barna á aldrinum 8-17 ára og eiga sér stað í um helmingi tilvika. Þau eru ekki eins algeng hjá börnum á aldrinum 3-7 ára en eiga sér samt stað í 30% tilvika. Brot á alvarleikastigi 3 sem eru frá vægum upp í gróf brot eru mjög algeng í öllum aldurshópunum.



Mynd 7. Tíðni brota útfrá ásýnd þeirra

Mynd 7 sýnir að af málunum 128 voru 38 mál (29,7%) þar sem misnotkun hafði átt sér stað í eitt skipti og flokkaðist sem væg. Tuttugu brot af þessum 128 (15,6%) áttu sér stað oftari en einu sinni og flokkuðust sem væg. Gróf brot sem áttu sér stað einu sinni voru 29 talsins (22,7%) en endurtekin gróf brot voru alls 15 (11,7%). Endurtekin brot frá vægum upp í gróf áttu sér stað í 26 tilvikum (20,3%).



Mynd 8. Ásýnd brots eftir tengslum gerenda og þolenda

Á Mynd 8 má sjá ásýnd brota eftir tengslum gerenda og þolenda. Í þeim tilfellum þar sem þolandinn var náinn og kunnugur gerandanum þá var um allar ásýndir brots að ræða en þegar þolandinn var ókunnugur gerandanum þá var einungis um eitt vægt eða eitt gróft brot að ræða. Þar sem tengslin voru nán þurftu flestir að þola eitt gróft brot af hendi gerandans eða 29,3%. Næst komu þeir sem voru misnotaðir endurtekið yfir tímabil, frá vægum brotum til grófra eða 22%. Oftast var um eitt vægt brot að ræða þegar þeir sem voru kunnugir þolanda sínum áttu í hlut eða í 34,4% tilvika en í 23,4 % tilvika voru brotin endurtekin frá vægum upp í gróf. Þolendur sem voru ókunnugir gerandanum voru misnotaðir einu sinni eftir því sem flokkað var vægt en í 40% tilvika átti brotið sér stað einu sinni og var gróft.

Miskabætur

Mikill munur reyndist vera á milli þeirra miskabóta sem farið var fram á og þeirra bóta sem dæmdar voru. Í þremur málum var ekki farið fram á neinar bætur og í þeim málum voru því engar bætur dæmdar. Hæst var farið fram á 5 milljónir króna en hæstu bætur sem brotþoli fékk dæmdar voru 2 milljónir króna. Meðalbætur sem farið var fram á voru 977 þúsund krónur en meðalgreiðsla dæmdra miskabóta var 410 þúsund krónur.

Alls fengu 81 þolendur dæmdar bætur frá 0-400 þúsund krónum, 37 þolendur fengu dæmdar 401-800 þúsund krónur í bætur, sjö þolendur fengu dæmdar 801-1200 þúsund krónur, einn þolandi fékk dæmdar 1201-1600 þúsund krónur og einn þolandi fékk dæmdar 1600 þúsund krónur 2 milljónir króna í bætur.

Tafla 3. Dæmdar miskabætur í þúsundum króna eftir tengslum gerenda og þolenda.

Tengsl	0-400	401-800	801-1200	1201-1600	1601-2000	Samtals
Náinn ættingi	20	15	4	1	1	41
Kunnugir	44	16	3	0	0	63
Ókunnugir	16	4	0	0	0	20
Samtals	80	35	7	1	1	124

Tafla 3 sýnir að dæmdar miskabætur voru hærri eftir því sem tengslin voru nánari milli gerenda og þolenda. Þeir tveir þolendur sem fengu dæmdar hæstu bæturnar, það er meira

en 1200 þúsund krónur, voru nánir ættingjar geranda sinna. Þeir sjö þolendur sem fengu dæmdar 801-1200 þúsund krónur í bætur voru nánir eða kunnugir gerendum sínum. Enginn þolandi sem var misnotaður af ókunnugum fékk dæmdar meira en 800 þúsund krónur í miskabætur.

Tafla 4. Dæmdar miskabætur í þúsundum króna út frá alvarleikastigi brota

	0-400	401-800	801-1200	1201-1600	1601-2000	Samtals
Alvarleikastig 1	9	0	0	0	0	9
Alvarleikastig 2	23	0	0	0	0	23
Alvarleikastig 3	30	8	0	0	0	38
Alvarleikastig 4	13	20	4	0	0	37
Alvarleikastig 5	6	9	3	1	1	20
Samtals	81	37	7	1	1	127

Eins og sjá má í Töflu 4 þá eru bæturnar hærri eftir því sem alvarleiki brotsins var meiri. Fyrir brot af alvarleikastigi 1 og 2 voru hæstu dæmdu bætur 400 þúsund krónur. Fyrir brot af alvarleikastigi 3 fengu tveir brotapolar dæmdar allt frá engum bótum upp í 400 þúsund krónur og aðeins átta fengu dæmdar bætur frá 401 þúsund krónur upp í 800 þúsund krónur. Enginn brotapoli fékk dæmdar hærri bætur en 800 þúsund krónur fyrir brot af alvarleikastigi 3 sem telst til grófra brota. Aðeins níu þolendur af 127 fengu dæmdar meira en 800 þúsund krónur í miskabætur og var það fyrir brot sem flokkuðust til alvarleikastigs 4 og 5 sem teljast til mjög grófra brota. Athyglisvert er að þó eru 15 brotapolar sem fengu dæmdar 800 þúsund krónur og lægra í bætur fyrir brot gegn sér sem teljast til alvarleikastigs 5, sem er fullt samræði við barn. Eins má sjá að 33 þolendur kynferðisbrota af alvarleikastigi 4 fá dæmdar lægri miskabætur en 800 þúsund krónur.

Tafla 5. Dæmdar miskabætur í þúsundum króna útfrá ásýnd brota

Ásýnd brots	0-400	401-800	801-1200	1201-1600	1601-2000	Samtals
Eitt skipti, vægt brot	35	2	0	0	0	37
Endurtekin, væg brot	18	2	0	0	0	20
Eitt skipti, gróft brot	15	14	0	0	0	29
Endurt. frá vægum í gróf	7	13	4	1	1	26
Endurtekin gróf brot	6	6	3	0	0	15
Samtals	75	31	4	1	1	112

Eftir því sem brotin voru grófari því hærri miskabætur voru dæmdar eins og sést í Töflu 5. Í þau tvö skipti sem dæmdar voru hærri bætur en 1200 þúsund krónur var um endurtekin brot að ræða, frá vægum upp í gróf og þolendurnir tengdir geranda sínum nánnum fjölskylduböndum. Aðeins sjö þolendur fengu dæmdar bætur frá 801 þúsundum króna upp í 1200 þúsund krónur og var það fyrir endurtekin brot, ýmist gróf eða frá vægum upp í gróf. Alls 118 þolendur fengu dæmdar miskabætur frá engum upp í 800 þúsund krónur og þar af fengu 81 bætur á bilinu 0-400 þúsund krónur. Af þessu má sjá að aðeins 9 þolendur af þeim 70 sem urðu fyrir grófri misnotkun fengu meira en 800 þúsund krónur í miskabætur. Hinsvegar fengu 28 þolendur af þessum 70 bætur dæmdar á bilinu 0-400 þúsund krónur.

Í Töflu 6 hér fyrir neðan má sjá fjölda mála þar sem dæmdar voru miskabætur. Í töflunni koma fram meðaltalsbætur auk lægstu og hæstu bóta sem dæmdar voru hvert ár. Uppreiknaðar bætur til verðlags í apríl 2009 koma fram í svigunum fyrir aftan.

Tafla 6. Meðaltalsmiskabætur, lægstu bætur og hæstu eftir árum í þúsundum króna

Ártal	n	Vísitala neysliverðs	Lægstu	Hæstu	Meðaltal	Staðalfrávik
2000	11	200,1	100 (168)	800 (1343)	363 (611)	226 (379)
2001	11	214,2	0	1000 (1569)	427 (670)	322 (505)
2002	21	223,0	0	700 (1054)	362 (545)	187 (282)
2003	18	226,5	60 (89)	700 (1038)	342 (508)	210 (312)
2004	18	234,6	50 (72)	1200 (1719)	447 (641)	306 (438)
2005	8	242,7	100 (138)	2000 (2769)	481 (666)	629 (871)
2006	15	263,1	0	1500 (1915)	470 (600)	427 (544)
2007	24	273,0	0	1000 (1231)	413 (507)	306 (377)

Meðaltal dæmdra miskabóta ár hvert gaf ekki sérlega góða mynd af því hvort bætur hefðu hækkað að raunvirði þar sem málin sem dæmt var fyrir voru ólík og tiltölulega fá ár hvert. Hæstu bæturnar að núvirði voru dæmdar árið 2005 eða 2 milljónir króna sem útleggjast miðað við verðlagið í dag sem tæpar 2,8 milljónir króna.

Kannað var hvort dæmdar miskabætur hefðu hækkað í samræmi við eða meira en sem nemur almennum verðlagshækkunum. Þar sem verðlag er háð ýmsum þáttum, til dæmis flökti á gengi íslensku krónunnar, vaxtastigi og verðbólgu þá er ljóst að virði hvernar krónu er misjafnt á hverjum tíma og sama upphæð er annars virði í dag en hún var fyrir 5 árum. Því voru dæmdar miskabætur í hverju máli uppreiknaðar til verðlags í apríl 2009 þegar vísitala neysliverðs stóð í 336 stigum og verðbólgan mældist 11,9%. Miðað var við vísitölu neysliverðs með húsnæðislið í júlí ár hvert. Með því var hægt að kanna hvort bæturnar hefðu hækkað meira en sem nemur almennum hækkunum eða hvort um skerðingu bóta væri að ræða og að þær hefðu raunverulega rýrnað að verðgildi.

Pearson fylgni á milli *uppreiknaðra miskabóta og ársins sem dómurinn er kveðinn upp* var lág og neikvæð ($p=-0,045$) því ljóst er að ekki koma fram tengsl á milli þess hvenær dómur er kveðinn upp og dæmdra miskabóta. Bæturnar hafa því ekki hækkað meira en almennum verðlagshækkunum nemur.

Reiknuð var Pearson fylgni á milli uppreiknaðra dæmdra miskabóta, aldurs barns þegar brot var framið, tengsla geranda og þolanda, alvarleika brotsins og ásýndar þess og niðurstöðurnar má sjá í Töflu 6 hér að neðan. Einnig var reiknað fyrir Spearman Rho en ekki kom fram mikill munur á fylgnistuðlunum.

Tafla 7. Fylgni á milli aldurs barns, tengsla, alvarleika, ásýndar og uppreiknaðra miskabóta

	Uppreiknaðar bætur	Aldur	Tengsl	Alvarleiki
Ásýnd	0,582**	-0,034	-0,251**	0,719**
Alvarleiki	0,625**	0,182*	-0,250**	
Tengsl	-0,322**	0,263**		
Aldur	0,00			

* $p < 0,01$

** $p < 0,05$

Gerð var fjölbreytuaðhvarfsgreining þar sem breyturnar alvarleiki, ásýnd, tengsl og aldur voru allar þvingaðar inní líkanið í einu sem óháðar. Háða breytan var uppreiknaðar miskabætur. Niðurstöðurnar má sjá í Töflu 8.

Tafla 8 Niðurstöður fjölbreytuaðhvarfsgreiningar þar sem uppreiknaðar bætur voru háða breytan


	Aðhvarfsstuðlar (B)	Staðalvilla Beta	Beta	Marktekt (p-gildi)
Alvarleiki	166,6	41,9	0,428	$p < 0,001$
Ásýnd brots	68,85	31,1	0,232	$p = 0,015$
Tengsl	-82,06	53,3	0,126	e.m*
Aldur	-6,466	10,2	-0,05	e.m*

* ekki marktækt

Breyturnar alvarleiki, ásýnd, tengsl og aldur skýra 42,8% af dæmdum miskabótum ($R^2 = 0,43$ ($p < 0,001$)). Tafla 8 sýnir að jákvæð tengsl koma fram á milli dæmdra miskabóta og

alvarleika brota og dæmdra bóta og ásýndar brota. Ekki kom fram marktækur munur á dæmdum miskabótum eftir tengslum gerenda og þolenda annars vegar og dæmdum miskabótum og aldurs þolanda þegar brotið var framið hinsvegar.


Hótun, umbun og launung



Mynd 9. Fjöldi mála þar sem hótun, umbun og launung var beitt


Ekki var mikið um að þolendum rannsóknarinnar væri hótáð, þeim umbunað eða þeir beðnir um að halda ofbeldinu leyndu. Mynd 9 sýnir fjölda barna sem voru beitt hótunum, veitt umbun eða sagt að segja ekki frá af þeim 128 fórnarlömbum sem rannsóknin tók til. Flestum börnunum var sagt að segja ekki frá eða 28,13 %. Tuttugu börnum eða 15,6% var umbunað með einhverjum hætti eða fengu loforð um umbun. Algengasta umbunin var í formi peninga, sælgætis eða áfengis. 17 börnum var hótáð eða 13,28%, 88 börnum eða 68,8% var ekki hótáð að neinu leyti, 84,4% barnanna fengu enga umbun og 71,87% barnanna voru ekki krafín launungar.

Hótun, umbun og launung eftir aldri




Mynd 10. Fjöldi barna, eftir aldurshópum sem var umbunað

Á Mynd 10 sést að tiltölulega fáum börnum var umbunað fyrir eða í kjölfar kynferðisbrotanna. Í aldurshópnum 3-7 ára var fjórum börnum af 22 umbunað eða 15,4% barna í þeim aldurshópi. Sjö börnum af 49 var umbunað í aldurshópnum 8-12 ára eða 14,3% barnanna í þeim aldurshópi. Hlutfallslega flestum börnum var umbunað í elsta aldurshópnum. Þar fengu níu börn af þeim 45 sem í hópnum voru einhvers konar umbun eða loforð um umbun frá gerendum sínum eða 20%.



Mynd 11. Fjöldi barna sem var hótað eftir aldurshópum


Mynd 11 sýnir fjölda barna sem var hótað af gerendum fyrir eða eftir kynferðisbrot. Í yngsta aldurshópnum, 3-7 ára, var fjórum börnum af þeim 26 sem voru í hópnum hótað af gerandanum eða 15,4%. Níu börnum af 49 í hópnum 8-12 ára var hótað eða 18,4% barnanna. Aðeins fjórum börnum af þeim 45 sem voru í elsta aldurshópnum var hótað eða 8,9%.



Mynd 12. Fjöldi barna sem var sagt að segja ekki frá eftir aldurshópum


Mynd 12 sýnir hversu oft gerendur kröfðust launungar af fórnarlömbum sínum, þ.e. að þau segðu ekki frá kynferðisofbeldinu. Sjö börn af þeim 26 sem voru í yngsta aldurshópnum eða 26,9% var sagt að segja ekki frá, 18 börn af 49 í miðhópnum, 8-12 ára, var sagt að segja ekki frá ofbeldinu eða 36,7%. Í elsta aldurhópnum var átta börnum af 45 sagt að segja ekki frá kynferðislega ofbeldinu eða 17,8%.

Hótun, umbun og launung eftir tengslum




Mynd 13. Fjöldi barna sem var umbunað eftir tengslum þolenda við gerendur

Mynd 13 sýnir fjölda þeirra barna sem var umbunað út frá tengslum þeirra við gerendur kynferðisbrotanna. Á myndinni kemur fram að af þeim 36 börnum sem tengdust gerendum sínum náði voru fimm börn sem var umbunað eða 12,2%. Þrettán börn af 64 sem voru kunnug gerendum sínum fengu einhvers konar umbun eða loforð um umbun eða 20,3% barnanna. Tvö börn af þeim 20 sem voru ókunnug gerendum sínum fengu umbun eða loforð um slíka eða 10%.



Mynd 14 Fjöldi barna sem var hótáð af gerendum eftir tengslum þeirra

Mynd 14 sýnir fjölda barna sem var hótáð af gerendum eftir tengslum þeirra. Níu börnum af þeim 41 sem voru náin gerendum var hótáð eða í 14,6% tilvika. Sjö börn af þeim 49 sem voru kunnug gerendanum urðu fyrir einhvers konar hótun eða 11%. Eitt barn fékk hótun af þeim 20 sem voru ókunnug gerendum eða 5% barna í hópnum.



Mynd 15. Fjöldi barna sem var sagt að segja ekki frá eftir tengslum þeirra

Mynd 15 sýnir fjölda barna sem var sagt að segja ekki frá eftir tengslum þeirra við gerendurna. 34,1% barnanna var sagt að segja ekki frá kynferðislega ofbeldinu eða 14 börnum af þeim 41 sem voru nán gerendunum. 18 börnum eða 28,1% þeirra 64 barna sem voru kunnug gerendunum var sagt að segja ekki frá og þrjú börn af þeim 20 sem voru ókunnug gerendunum var sagt að segja ekki frá kynferðislega ofbeldinu eða 15% þeirra.

Dómar

Gerendur kynferðisbrotanna sem þessi rannsókn tók til voru ýmist dæmdir fyrir brot gegn einu barni eða fleirum. Fjöldi þolenda í hverju máli var allt frá einu barni upp í sjö börn og taka dómarnir mið af því. Í Töflu 9 má sjá hvernig brotin gegn þolendunum 128 skiptust í málunum 75 sem rannsóknin tók til.

Tafla 9. Fjöldi barna í dómsmálunum

	n
Dæmt fyrir brot gegn einu barni	45
Dæmt fyrir brot gegn tveimur börnum	19
Dæmt fyrir brot gegn þremur börnum	6
Dæmt fyrir brot gegn fjórum börnum	1
Dæmt fyrir brot gegn fimm börnum	2
Dæmt fyrir brot gegn sex börnum	1
Dæmt fyrir brot gegn sjö börnum	1

Af málum gerendanna 75 gegn þolendunum 128 voru 61 dómanna eða 47,7% skilorðsbundnir en 86 dómar eða 67,2% óskilorðsbundnir. Níu gerendur í 20 málum fengu samsetta dóma, það er bæði skilorðsbundinn og óskilorðsbundinn dóm. Af þeim dómum sem voru skilorðsbundnir þá var stysti dómurinn einn mánuður, lengsti dómurinn var 21 mánuður en meðallengd skilorðsbundinna dóma var 6,97 mánuður. Af þeim dómum sem voru óskilorðsbundnir þá var stysti dómurinn tveggja mánaða fangelsisvist, lengsti dómurinn var 60 mánaða fangelsisvist eða fimm ár og meðallengd óskilorðsbundinna dóma var 19,77 mánaða fangelsisvist.

Umræða

Aldur og kyn þolenda og gerenda

Öll börn geta orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, bæði stúlkur og drengir á hvaða aldri sem er. Rannsóknir hafa sýnt að stúlkur séu þó líklegri en drengir til þess að verða misnotaðar kynferðislega og á Íslandi er talað um að ein stúlka af hverri fimm verði fyrir kynferðislegu ofbeldi og einn drengur af hverjum tíu (Hrefna Ólafsdóttir, 2002). Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að stúlkur eru í miklum meirihluta þolendur kynferðisbrota eða í um 90% tilvika. Erfitt er að segja til um hvað veldur því að stúlkur eru líklegri en drengir til þess að verða misnotaðar. Hægt er að velta því fyrir sér hvort að tíðni kynferðisbrota gegn drengjum sé vanskráð þar sem drengir eru ólíklegri en stúlkur til þess að greina frá, séu þeir misnotaðir kynferðislega, af ótta við neikvæðar afleiðingar (Finkelhor, 1984; Lamb og Edgar-Smith, 1994 sjá í Goodman-Brown og félagar, 2003).

Rannsóknir hafa sýnt að meðalaldur barna sem verða fyrir kynferðisbrotum sé á bilinu 9-12 ára. (Miller-Perrin og Perrin, 2007). Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að meðalaldur þeirra sem verða fyrir kynferðislegri misnotkun sé rúm 10 ár við upphaf brots. Ef þolandi er náinn gerandi þá er meðalaldurinn um níu ár en ef hann er kunnugur eða ókunnugur þá er meðalaldurinn um 11 ár. Rannsóknir Fischer og McDonald (1998) sýna hins vegar að meðalaldur þeirra sem misnotaðir eru af ókunnugum sé tæplega tíu ár en þeirra sem verða fyrir kynferðisbroti af höndum náinna ættingja eða öðrum sem þeir þekkja og treysta sé sjö ár (Fischer og McDonald, 1998). Hægt er að velta því fyrir sér hvort að meðaltal geti ekki verið enn lægra í raun því eins og Williams (1994) bendir á þá er góð ástæða til þess að ætla að misnotkun á mjög ungum börnum sé vanskráð þar sem þau koma ekki sjálf upp um misnotkunina og muna jafnvel ekki eftir því að hafa verið misnotuð þegar þau eru komin á fullorðinsaldur (Williams, 1994).

Gerendur þeirra mála sem þessi rannsókn tók til voru allir karlkyns sem er í samræmi við aðrar rannsóknir sem sýna að þó svo konur misnoti líka börn þá eru gerendur í flestum tilvikum karlkyns (Finkelhor, 1994).

Meðalaldur gerenda var 37 ár, þar sem yngsti gerandinn var 15 ára en sá elsti 71 árs. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að meðalaldurinn sé 32 ár (Miller-Perrin og Perrin, 2007). Ástæða þess að meðalaldurinn er töluvert hærri hér gæti verið sá að aldur gerenda kom ekki fram í um helmingi málanna að öðru leyti en að þeir væru fullorðnir karlmenn og því eru þetta ekki mjög áreiðanlegar aldurs tölur. Aldursdreifing gerenda var nokkuð

jöfn en tveir gerendur sem voru 70 og 71 árs voru dæmdir fyrir brot gegn sex fórnarlömbum og gæti það hafa hækkað meðaltalið.

Tengsl gerenda og þolenda

Erlendar rannsóknir hafa sýnt að 80-90% barna, sem eru fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis, eru misnotuð af fjölskyldumeðlimi eða einhverjum kunnugum sér og eru því einungis 10% barna misnotuð af ókunnugum (Longo, 2006). Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að þessar tölur eru svipaðar héraendis. Í langstærstum hluta málanna eða í 84% tilvika þekkir fórnarlamb gerandann. Í 33% tilvika er gerandi náinn þolandanum og í 51 % tilvika eru fórnarlamb og gerandi kunnug hvort öðru. Það er því einungis í 16% tilvika sem fórnarlamb var ókunnugt gerandanum og má því sjá af þessu að ókunnugir eru í miklum minnihluta sem gerendur.

Algengara er að nán tengsl séu á milli gerenda og barna á aldrinum 3-12 ára heldur en barna á aldrinum 13-17 ára. Þetta bendir til þess að yngri börn séu í frekari hættu á því að vera misnotuð af einhverjum sem þau þekkja náið frekar en þau sem eldri eru. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar eru börn á aldrinum 8-12 ára líklegust til að verða fyrir misnotkun af hendi ókunnugra. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður DeJong, Hervada og Emmet (1993) þar sem kom fram að yngri börn eru oftast misnotuð af aðilum þeim tengdum en eldri börn af ókunnugum (Fischer og McDonald, 1998).

Eins og rannsakendur gerðu ráð fyrir þá eru þau brot sem framin eru af aðilum nánum eða kunnugum barninu alvarlegri en þau brot sem framin eru af ókunnugum. Þetta er í samræmi við fyrri rannsóknir sem hafa sýnt fram á að misnotkun sem á sér stað innan fjölskyldunnar stendur að jafnaði yfir í lengri tíma og eru brotin að sama skapi alvarlegri (Kendall-Tackett, Williams og Finkelhor 1993). Þar sem ung börn eru undir flestum kringumstæðum í umsjá náinna aðstandenda eiga þeir sem eru tengdir eða kunnugir börnunum mun auðveldara með að nálgast þau og athafna sig með þeim heldur en þeir sem eru þeim ókunnugir (Fischer og McDonald, 1998). Eðlilegt er því að gera ráð fyrir að alvarleiki brota sé meiri ef gerandi þekkir til barns þar sem ókunnugir hafa ekki eins gott aðgengi að svo ungum börnum.

Ofbeldi á sér oftast stað innan veggja heimilis, hvort sem er á heimili geranda, þolanda eða á sameiginlegu heimili þeirra beggja. Þar sem þetta eru oftast aðilar sem eru

nánir börnunum þá er aðgangur að barninu oft greiður sem verður til þess að ofbeldið getur átt sér stað oft og yfir lengri tíma.

Þessar niðurstöður sem og aðrar sýna það því svart á hvítu að það eru ekki ókunnugir sem eru hættulegastir börnunum heldur eru það þeir sem við þekkjum, þeir sem við umgöngumst og það sem er verst af öllu að oft eru þetta þeir sem við treystum vel fyrir börnunum okkar.

Eðli og ásýnd brota

Kynferðisbrot gegn börnum eru af öllum alvarleikastigum, allt frá því að gerandi sýni barni klámfengið efni eða noti kynferðislegt tal, upp í fullt samræði við barn. Brot sem teljast til alvarleikastigs 3 og 4 voru algengust meðal fórnarlamba þessarar rannsóknar en þau áttu sér stað í tæplega 60% tilvika samanlagt og var skiptingin mjög jöfn. Til alvarleikastigs 3, sem flokkast sem gróf brot, teljast brot eins og grófar snertingar og strokur á kynfærum barns eða geranda innanklæða og þegar barni er fróað og/eða það látið fróa geranda. Alvarleikastig 4, sem flokkast undir mjög gróft brot, er tilraun til innþrengingar í munn, leggöng eða endaparm með fingri, hlutum eða getnaðarlimi. Eins flokkast til þessa stigs það þegar ofangreind innþrenging er framkvæmd sem og munnmök við barn.

Einungis 25,8% brotanna tilheyrðu alvarleikastigi 1 (7%) og 2 (18,8%) sem teljast til vægra brota. Þetta eru brot á borð við óeðlilegan áhuga á barni, kynferðislegt tal, þukl á líkama barns innan- og utanklæða, þegar kynferðislegt myndefni er sýnt barni eða tekið af því og svo kossar eða tilraunir til þeirra. Einnig tilheyra þessum stigum sýnihneigð, gægjuhneigð, fróun að barni sjáandi og þukl á kynfærum barns eða geranda utanklæða. Í 15,6% tilvika tilheyrðu brotin alvarleikastigi 5 sem er fullt samræði við barn í leggöng eða endaparm og telst því sem mjög gróft brot.

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa einnig til kynna að því eldri sem börnin eru því alvarlegri séu brotin. Algengast er að brotið sé gróflega á börnum á aldrinum 8-17 ára en vægari brot eru algengari hjá börnum á aldrinum 3-7 ára. Brot af alvarleikastigi 4 eru algengust á meðal barna 8-12 ára en brot af alvarleikastigi 3, 4 og 5 eru öll svipað algeng meðal barna á aldrinum 13-17 ára. Á aldrinum 3-7 ára eru brot af alvarleikastigi 3 algengust. Brot af alvarleikastigi 5, sem er fullt samræði við barn, er langalgengast meðal barna á aldrinum 13-17 ára en gerðist bara í einu tilviki meðal barna á aldrinum 3-7 ára í þeim málum sem hér voru til athugunar.

Af þessu má sjá að þau brot sem framin voru gegn þolendum þessarar rannsóknar voru í miklum meirihluta gróf og mjög gróf brot og veldur það miklum óhugnaði að vita til þess hversu oft svo gróf brot eru framin gegn ungum börnum.

Þegar ásýnd brota er skoðuð má sjá að þau brot sem framin voru skiptast nær til helminga í því hvort um sé að ræða eitt brot gegn barni eða endurtekin brot. Hins vegar eru gróf brot aðeins algengari en væg. Þegar ásýnd brotanna er skoðuð út frá tengslum milli þolenda og gerenda kom í ljós að þegar um endurtekin brot er að ræða, þá eru gerendur alltaf aðilar sem þekkja til barnsins. Þetta er í samræmi við rannsóknir sem hafa sýnt að endurtekin brot eru nánast alltaf af hendi aðila tengdum barninu (Finkelhor og félagar, 1990 sjá í Himelein, 1995). Athyglisvert er að þeir sem eru kunnugir barninu brjóta oftast af sér einu sinni og er þá um vægt brot að ræða en eins er algengt að þessir sem eru kunnugir brjóti af sér ítrekað og þá frá vægum brotum upp í gróf. Algengast er að brot af hendi náinna ættingja eigi sér stað einu sinni og sé gróft og þar á eftir koma brot sem eru endurtekin og eru frá vægum upp í gróf. Ókunnugir brutu aldrei oft en einu sinni gegn barni. Þessar niðurstöður eru í samræmi við það sem búist var við, því eins og áður sagði þá er aðgengi að börnum mun betra fyrir þá sem þekkja til barnanna og mjög ólíklegt að ókunnugir nái að misnota sama barnið oft en einu sinni (Fisher og McDonald, 1998; Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveindóttir, 2006).

Miskabætur

Mikill munur er á því hversu háar bætur farið er fram á og því hversu háar bætur eru dæmdar. Lang algengast er að dæmdar miskabætur séu á bilinu 0-400 þúsund krónur en þær voru dæmdar í tæpum 65% tilvika þeirra mála sem rannsókn þessi tók til. Um 28% þolenda fengu dæmdar bætur á bilinu 401-800 þúsund krónur og um 5% þolenda fengu dæmdar 801-1200 þúsund krónur í miskabætur. Einungis tveir þolendur fengu hærri bætur en 1200 þúsund krónur. Þessir tveir þolendur voru nánir ættingjar gerandans og áttu brotin, sem voru mjög gróf, sér stað oft og stóðu yfir í mjög langan tíma.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að alvarleiki brota hefur áhrif á miskabætur, það er að því alvarlegra sem brot er því hærri bætur eru dæmdar. Þetta er í samræmi við það sem búist var við því fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á að afleiðingar misnotkunar verða meiri eftir því sem brot er alvarlegra (Kendall- Tackett, William og Finkelhor, 1993).

Samkvæmt niðurstöðunum kemur fram samband milli tengsla þolanda og geranda og dæmdra bóta en tengslin virðast þó ekki hafa áhrif á ákvörðun miskabótanna. Þessara

niðurstaðna var ekki vænst því gert var ráð fyrir að því nánari sem þolandi væri geranda að því hærri bætur yrðu dæmdar. Rannsóknir hafa sýnt að tengsl milli geranda og þolanda skipta miklu máli fyrir þær afleiðingar sem brotið hefur í för með sér. Anderson, Bach og Griffith (1981) sýndu með rannsóknum sínum að þeir sem eru misnotaðir af nánnum aðila sýndu frekar einkenni kynferðislegrar misnotkunar heldur en þeir sem voru misnotaðir af ókunnugum (Browne og Finkelhor, 1986). Þegar gerandi er barninu náinn er hann að rjúfa það traust og trúnað sem oft ríkir þeirra á milli og eykur það að jafnaði á þá streitu og vanlíðan sem barnið upplifir, ásamt því að takast á við misnotkunina sjálfa (Whetsell-Mitchell, 1995). Þar sem flestir gerendur þessarar rannsóknar voru nánir þolendum, var búist við að hærri miskabætur yrðu dæmdar, þar sem að misnotkunin hefði þá oftast en ekki alvarlegri afleiðingar í för með sér.

Aldur þolanda þegar brot var framið hafði heldur ekki marktæk áhrif á ákvörðun miskabóta. Erlendar rannsóknir gefa til kynna að ekki sé skýrt samband á milli aldurs barns við upphaf brots og afleiðinga misnotkunarinnar, sérstaklega þegar stjórnað er fyrir aðra þætti eins og tengsl milli geranda og þolanda (Browne og Finkelhor, 1986).

Þar sem aldur geranda kom einungis fram í um helmingi tilvika í dómunum þá er ekki hægt að segja til um aldursmun á milli þolanda og gerenda þessarar rannsóknar. Fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á að meiri aldursmunur leiði í mörgum tilvikum til alvarlegri afleiðinga (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006). Ef slík gögn hefðu verið fyrir hendi hefði mátt kanna hvort aldursmunur hefði áhrif á ákvörðun miskabóta á þá leið að hærri bætur væru dæmdar eftir því sem munurinn væri meiri.

Miskabætur sem dæmdar voru í hverju máli fyrir sig voru uppreiknaðar upp til verðlags í apríl 2009 þegar vísitala neysluverðs stóð í 336 stigum. Samkvæmt Gunnlaugi Claessen (munnleg heimild, 16.júlí 2007) dómara við Hæstarétt Íslands hafa miskabætur hækkað síðustu ár. Þegar miskabæturnar voru uppreiknaðar til verðlags í apríl 2009 og skoðaðar með tilliti til alvarleika, ásýndar, aldurs þolanda og tengsla hans við gerandann kom í ljós að miskabætur í kynferðisbrotamálum hafa ekki hækkað meira en sem nemur almennum verðlagshækkunum. Rannsóknin styður því niðurstöður rannsóknar Ásu Ólafsdóttur frá árinu 2006 sem sýndi að miskabætur í kynferðisbrotamálum hafa ekki hækkað í takt við almennar verðlagsbreytingar (Ása Ólafsdóttir, 2006).

Vísitala neysluverðs hefur hækkað mikið síðustu ár og um 11,9% frá apríl 2008. Miklar verðbreytingar áttu sér stað í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. Hámarki náðu þessar verðbreytingar í janúar 2009 og hratt hefur dregið úr verðbólgu síðan

(Hagstofa Íslands, 2009). Bætur þyrftu að hafa hækkað meira en sem nemur hlutfallslegri hækkun vísitölu neysluverðs til að þær hefðu skilað sér sem meira virði fyrir þolandann. Til þess að hækkunin sem orðið hefur síðustu ár skili sér til þolenda þá þyrftu bæturnar að vera tengdar vísitölu neysluverðs. Jafnframt þyrfti að vera skýrari rammi eða regluverk sem dómarrar ynnu eftir og væru ákvarðaðir út frá þeim þáttum sem segir í lögnum að liggi til grundvallar miskabótunum.

Hótun, umbun og launung

Mikil launung einkennir oft og tíðum kynferðisofbeldi auk þess sem gerendur reyna oft að fá sínu fram með lofordi um umbun eða með því að hóta þolandanum og eru þessar aðferðir ekki síður notaðar til að tryggja þagmælsku barnanna (Whetsell-Michell, 1995).

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna hins vegar að einungis 13% barnanna voru beitt hótun til þess að tryggja þagmælsku þeirra. Rúmum 15% var umbunað með einhverjum hætti og var algengasta umbunin peningar, gjafir og áfengi hjá eldri börnunum. Einungis um 30% barnanna var sagt að segja ekki frá misnotkuninni. Þessar tölur eru heldur lægri en rannsakendur höfðu gert ráð fyrir. Rannsókn Browne og Kilcoyne (1995) sýndi að af 91 gerenda sem rannsókn þeirra tók til umbuðu 46% þeirra barninu á einhvern hátt eða mútuðu því og 29% þeirra hótuðu eða ógnuðu barninu. Ekki kom fram í þeirri rannsókn hversu margir báðu barnið um að halda ofbeldinu leyndu (Browne og Kilcoyne, 1995). Leiða má líkur að því að þessar tölur séu því hærri en niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna því að rannsakendur höfðu aðeins aðgang að dómum í þessum málum og þar sem ekki er hægt að vera viss um að það komi alltaf fram í dómunum ef hótun, umbun eða launung á sér stað þá má ætla að tíðnin sé mun hærri í raun.

Algengast var að börnum á aldrinum 13-17 ára væri umbunað og þá oftast með peningum eða áfengi. Þeir gerendur sem voru börnunum kunnugir voru líklegastir til þess að umbuna þeim, þar á eftir þeir sem voru nánir þeim en ókunnugir voru ólíklegastir til að umbuna þolandunum.

Börnum á aldrinum 8-12 ára var oftast hótad en þó einungis í rúmum 18% tilvika, börnum á aldrinum 3-7 ára var hótad í rúmum 15% tilvika en börnum á aldrinum 13-17 ára var einungis hótad í tæpum 9% tilvika. Þolendum var oftast hótad af þeim sem voru tengdir þeim náið en var sjaldnast hótad af ókunnugum.

Einnig var algengast að börn í aldurshópnum 8-12 ára væru beðin um að halda misnotkuninni leyndri eða í tæplega 40% tilvika. Börnum á aldrinum 3-7 ára var sagt að

segja ekki frá misnotkuninni í tæplega 30% tilvika en einungis 18% barna á aldrinum 13-17 ára. Þeir sem voru kunnugir barninu voru þeir sem báðu það oftast um að halda misnotkuninni leyndri en þeir sem voru ókunnugir því gerðu það sjaldnast. Þessar niðurstöður styðja rannsóknir Beitchman og féлага (1992) að því leyti að þeir sem eru nánir eða kunnugir barninu eru líklegastir til þess að biðja þau að halda misnotkuninni leyndri (Beitchman og félagar, 1992). Niðurstöður rannsóknar þeirra sýndu einnig að ókunnugir eru líklegastir til að umbuna og hóta börnum (Beitchman og félagar, 1992) og er það ekki í samræmi við niðurstöður þessarar rannsóknar sem sýndi að kunnugir gerendur eru líklegastir til að umbuna þolendum en ókunnugir ólíklegastir sem og að nánir eru líklegastir til að hóta þolendum en ókunnugir ólíklegastir.

Þó svo að þessar niðurstöður sýni ekki fram á að mikil launung fylgi kynferðisbrotamálum þá er það trú rannsakenda að staðreyndin sé önnur. Flestir fullorðnir sem misnota börn vilja halda gerðum sínum leyndum. Vegna þess hvers eðlis kynferðisbrot eru, er ekki alltaf nauðsynlegt að banna barni að segja frá ofbeldinu. Gerandi kynferðisbrota hefur mikla yfirburði gagnvart barni sem hann notar til þess að stjórna aðstæðum þannig að barn verður honum undirgefið og vill ekki brjóta þann trúnað sem á milli þeirra ríkir með því að segja frá misnotkuninni (Wetschell-Mitchell, 1995).

Öll sú umræða og vitundarvakning sem orðið hefur í þjóðfélaginu um þessi málefni er til góðs því forvarnir geta skipt miklu máli. Mikilvægt er að kenna börnunum hvað teljist til viðeigandi og óviðeigandi snertingar og að það sé í lagi að segja nei við þá sem snerta eða vilja snerta þeirra einkastaði. Ekki er síður mikilvægt að leggja áherslu á það við börnin að þau eigi að segja frá ef einhver er að snerta þau á óviðeigandi hátt, sama hvað viðkomandi segir, gerir eða hótar. Að leyndarmál af þessu tagi séu ekki af hinu góða og að mikilvægt sé að segja frá þeim. Ef börnin vita hvað telst til óviðeigandi hegðunar af hendi fullorðinna og vita hvernig á að bregðast við þá er líklegt að tilfellum kynferðislegrar misnotkunar færi fækkandi.

Þannig gegna forvarnir lykilhlutverki í því að vekja fólk til umhugsunar og vera á varðbergi hvað varðar kynferðislegt ofbeldi. Síðustu áratugina hefur frekar verið litið á kynferðislegt ofbeldi sem eftir á vandamál sem er til lykta leitt með sakamáli fyrir dómstólum. Þetta horfir þó vonandi til betri vegar og er mikilvægt að líta frekar á þetta sem samfélagslegt vandamál og með forvörnum að byrgja brunninn áður en barnið dettur ofan í hann. Kynferðisleg misnotkun getur haft ýmsar afleiðingar í för með sér sem kosta

samfélagið mikla fjármuni. Ef um heilsufarslegt vandamál væri að ræða eða banvænan sjúkdóm þá væri án efa lagt meira fé í þennan málaflokk.

Heimildir

- Ackil, J. K og Zaragoza, M. S. (1995). Developmental differences in eyewitness suggestibility and memory for source. *Journal of Experimental Child Psychology*, 60, 57-83.
- Aldís Unnur Guðmundsdóttir og Jörgen L. Pind (2003). *Almenn sálfræði, hugur, heili, hátterni*. Reykjavík: Mál og Menning.
- Almenn hegningarlög* nr. 19/1940 með áorðnum breytingum 40/1992.
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1940019.html> og <http://www.althingi.is/altext/stjt/1992.040.html>. (síðast sótt 3. júlí 2007).
- Ása Ólafsdóttir (2006). *Kynferðisbrot og ákvörðun miskabóta*. Rannsóknir í félagsvísindum VII. s 11-59.
- Barnaverndarlög*, nr. 80/2002 með síðari breytingum.
- Barnaverndarstofa (2000). *Skýrsla um starfsemi Barnaverndarstofu og barnaverndarnefnda 1995-1999*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Barnaverndarstofa (2006). *Árskýrsla 2004-2005*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Berglind Svavarsdóttir (2002). *Staða brotþola og hlutverk réttargæslumanna í ljósi reyngslunnar*. Lögmannablaðið, 8(2), s 12-13.
- Beitchman, J. H., Zucker, K. J., Hood, J. E., daCosta, G. A. og Akman, D. (1991). A review of the short-term effects of child sexual abuse. *Child Abuse and Neglect*, 15, 537-556.
- Beitchman, J. H., Zucker, K., Hood, J., DaCosta, G., Akman, D. og Cassavia, E. (1992). A review of the long-term effects of child sexual abuse. *Child Abuse & Neglect*, 16, 101-118.

- Berliner, L. og Elliot, D. M. (2002). *Sexual Abuse of Children*. Í Myers, J. E. B (Ritstj.), Berliner, L., Briere, J., Hendrix, C. T, Jenny, C. og Reid, T. A., *The APSAC Handbook on child Maltreatment*, 55-78, 2 útg. Thousand Oaks: Sage Publications.
- Bidrose, S. og Goodman, G. S, (2000). Testimony and Evidence: A scientific case study of memory for child sexual abuse. *Applied Cognitive Psychology*, 14, 197-213.
- Björn Harðarson og Eygló Guðmundsdóttir (2001). *Gerendur Kynferðisofbeldis*. www.persona.is (síðast sótt 11.apríl 2009).
- Browne, F. og Finkelhor, D. (1986). Impact of child sexual abuse: A review of the research. *Psychological Bulletin*, 99(1), 66-77.
- Browne, K. og Kilcoyne, J. (1995). Child sexual abuse prevention: what offenders tell us. *Child Abuse and Neglect*, 19, 579-594.
- Ceci, S. J. og Bruck, M. (1993). Suggestibility of the child witness. A historical review and synthesis. *Psychological Bulletin*, 113, 403-439.
- .Cederborg, Ann-Christin. (2004). Factors influencing child witnesses. *Scandinavian Journal of Psychology*, 45, 197-205.
- Cole, M., Cole, S. R. og Lightfoot, C. (2005). *The Development of Children*. (5. Útgáfa). New York: Worth Publishers.
- Eisen, M.L., Quas, J. A. og Goodman, G. S. (2001). *Memory and suggestibility in the forensic interview*. Mahwah, NJ: Lawrence Erlbaum.
- Eipstein, M. A., og Bottoms, B. L. (1998). Memories of childhood sexual abuse: A survey of young adults. *Child Abuse and Neglect*, 22, 1217-1238.
- Erickson, W. D., Walbeck, N. H. og Seeley, R. K. (1998). Behavior patterns of child molesters. *Archives of Sexual Behavior*, 17, 77-86.
- Finkelhor (1994). Current information on the scope and nature of child sexual abuse. *The Future of Children*, 4, s 31-52.

- Fischer, D. G. og McDonald, W. L. (1998). Characteristics of intrafamilial and extrafamilial child sexual abuse. *Child Abuse and Neglect*, 22, 915-929
- Goodman, G. S og Aman, C. J. (1991). Children's use of anatomically detailed dolls to recount an event. *Child Development*, 61, 1859-1871.
- Goodman-Brown, T. B, Edelstein, R. S, Goodman, G. S, Jones, D. P. H. og Gordon, D. S (2003). Why children tell: A model of children's disclosure of sexual abuse. *Child Abuse and Neglect*, 27, 525-540.
- Gísli Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson (2000). Differences and similarities between violent offenders and sex offenders. *Child Sexual Abuse and Neglect*, 24, 363-372.
- Dr. Guðrún Jónsdóttir (1993). *Sifjaspell* (3.útgáfa) Reykjavík: Stígamót.
- Dr. Guðrún Jónsdóttir (1999). *Hvað vitum við um kynferðisofbeldi gegn börnum hér á landi?* Ritroð Barnaheilla, 4, s. 17-26.
- Hagstofa Íslands (2009). Vísitala neysluverðs. Síðast sótt á 18. maí 2009 á <http://www.hagstofa.is>.
- Hrefna Ólafsdóttir (2002). *Fimmta hver stúlka misnotuð og tíundi hver drengur.* Morgunblaðið, 17. september 2002.
- Himelen, M. J. (1995). Childhood sexual abuse and the academic adjustment of college women. *Child Abuse and Neglect*, 19, 761-764.
- Jones, D. C, Swift, D. J. og Johnson, M. A. (1988). Nondeliberate Memory for a novel event among preschoolers. *Developmental Psychology*, 24, 641-645.
- Kendall-Tackett, K. A., Williams, L. M. og Finkelhor, D. (1993). Impact of sexual abuse on children: A review and synthesis of recent empirical studies. *Psychological Bulletin*, 113, 164-180
- Lamb, M. E., Sternberg, K. J. og Esplin, P. W. (1998). Conducting investigative interviews of alleged sexual abuse victims. *Child Abuse & Neglect*, 22, 813-822.

- Lepore, S. J. og Sescio, B. (1994). Distorting children's reports and interpretations of events through suggestion. *Journal of Applied Psychology*, 79, 108-120.
- Longo, R. E. (2006). *Fullorðnir sem gera sig seka um kynferðislega misnotkun. Íhlutun og meðferð*. Fyrirlestur fluttur á vegum Blátt áfram, Reykjavík.
- Lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 með áorðnum breytingum.*
- Margrét Vala Kristjánsdóttir (2001). *Skýrsla um kynferðislegt ofbeldi á börnum og réttarkerfið*. Samstarfsverkefni Save the Children samtaka í Evrópu.
- Miller-Perrin, C. L og Perrin, R. D. (2007) *Child Maltreatment: An Introduction* (2. Útg). Thousand Oaks: Sage Publications.
- Nagel, D.E., Putnam, F.W. og Noll, J.G., og Trickett, P.K. (1997). Disclosure patterns of sexual abuse and psychological functioning at a 1-year follow up. *Child Abuse and Neglect*, 21, 137-147.
- Nolen-Hoeksema, S. (2008). *Abnormal Psychology, third edition*. McGraw-Hill Companies, New York.
- Ólafur Jóhannesson (1948). *Fjártjón og miski, Úlfljótur*; 2.tbl, s 3.
- Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir. (2006). *Verndum þau*. Reykjavík: Mál og menning.
- Peterson, C., og Bell, M. (1996). Childrens memory for traumatic injury. *Child Development*, 67, 3045-3070.
- Ragnheiður Bragadóttir (1999). *Ákvörðun refsingar í nauðgunarmálum*. Úlfljótur, 52, s. 67-84.
- Saywitz, K. og Camparo, L. (1998). Interviewing child witnesses: A developmental perspective. *Child Abuse and Neglect*, 8, 825-843.
- Saywitz, K. J., Goodman, G. S. og Lyon, T. D. (2002). Interviewing children in and out of court: current research and practice implications. Í Myers, J. E. B (Ritstj.),

Berliner, L., Briere, J., Hendrix, C. T, Jenny, C. og Reid, T. A., *The APSAC Handbook on child Maltreatment*, 349-377, 2 útg. Thousand Oaks: Sage Publications.

Sigríður Ingvarsdóttir. *Skýrslutökur af börnum fyrir dómi*, aðgengilegt á <http://domstolar.is/greinar/nr/237/> (síðast sótt 17. júlí 2007).

Stígamót (2005) *Árskýrsla*. Stígamót, Reykjavík.

Wetsell-Mitchell (1995). The many faces of child sexual abuse. *Issues in Comprehensive Pediatric nursing*, 18, 299-318.

Williams, L.M. (1994). Recall of childhood trauma: A prospective study of womens memories of child abuse. *Journal of Consulting and Clinical Psychology* , 62, 1167-117

Þorgeir Ingi Njálsson (1996). *Hugleiðingar um ákvörðun refsingar*. Tímarit lögfræðinga. 46.árgangur, 1. hefti, s 13-15.

Viðauki 1

Gátlisti

Númer rannsóknar _____ Dagsetning yfirferðar _____

Héraðsdómstóll _____ Málsnúmer _____

Almenn atriði sem snúa að rannsókn

Aldur þolanda: _____

Aldur geranda: _____

1- kk _____

1- kk _____

2- kvk _____

2- kvk _____

Aldur þegar brot var framið: _____
framið: _____

Aldur þegar brotið var

Tengsl gerandans við þolanda:

1- Náinn ættingi _____

2- Kunnugir _____

3- Ókunnugir _____

Lyktir máls í héraðsdómi

a) máli lauk með sektardómi

1- Já _____

2- Nei _____

b) máli lauk með sýknudómi

1- Já _____

2- Nei _____

c) máli lauk með skilorðsbundnum dómi

1- Já _____

2- Nei _____

Ef já, þá hvernig _____

d) máli lauk með óskilorðsbundnum dómi

1- Já _____

- 2- Nei____
Ef já, þá hvernig_____

Greiðsla miskabóta dæmdar í héraði:

a) Dæmdar eru miskabætur í héraði

1- Já____

2- Nei____

Ef já, hver er upphæðin_____

b) Misræmi milli þess sem farið er fram og þess sem er dæmt

1- Já____

Nei-____

Farið er fram á_____

Dæmdar eru kr._____

Málinu er áfrýjað til Hæstaréttar

1- Já____

2- Nei____

1. Fór fram lækni­skoðun:

1- já_____

2- Nei_____

2. Fundust áverkar í lækni­skoðuninni:

1- Já_____

2- Nei_____

Hvaða áverkar:_____

3. Sannað þykir að brot hafi átt sér stað:

1- Einu sinni_____

2- Oftar_____ þá hversu oft_____

4. Alvarleikastig brots

1- Alvarleikastig eitt_____

2- Alvarleikastig tvö_____

3- Alvarleikastig þrjú_____

4- Alvarleikastig fjögur_____

5- Alvarleikastig fimm_____

5. Ásýnd brots:

- 1- Eitt skipti vægt brot_____
- 2- Endurtekin væg brot_____
- 3- Eitt skipti gróft brot_____
- 4- Endurtekin gróf brot_____
- 5- Endurtekin brot, frá vægum í gróf_____

6. Brotið var framið:

Á heimili gerandans:_____

Á heimili þolandans:_____

Í bíl:_____

Á víðavangi:_____

Annars staðar, hvar þá_____

7. Umbun/hótun/launung

b- þolanda umbunað með gjöfum eða öðru (t.d loforði um gjafir)

1- Já_____

2- Nei_____

Ef já þá hvernig_____

b. Þolanda var hótað

1- Já, væg hótun_____

2- Já, gróf hótun_____

3- Nei ekki hótað_____

c. Þolanda var sagt að segja ekki frá

1- Já_____

2- Nei_____

8. Trúverðugleiki þolandans

Framburður þolanda var metinn trúverðugur að mati dómsins:

1-Já_____

2- Nei_____

9. Trúverugleiki geranda

Framburður sakbornings var metinn trúverðugur að mati dómsins:

- 1- Já_____
- 2- Nei_____

10. Lá fyrir játning gerandans:

- 1- Já, að fullu_____
- 2- Já, að hluta
- 3- Nei_____

11. Mark tekið á sérfræðiáliti:

a) Nafn sérfræðings var:

- Aldrei nefnt_____
- Einu sinni nefnt_____
- 2-5 sinnum nefnt_____
- 6-10 sinnum nefnt_____
- Oftar en 10 sinnum_____
- Hversu oft_____

b) Fjöldi setninga í dómi sem segir frá mati sérfræðings:

- Engin_____
- Ein_____
- 2-5_____
- 6-10_____
- Oftar en 10 sinnum_____
- Ef fleiri, hversu margar_____

Viðauki 2

Skilgreiningar

Tengsl geranda og þolanda:

- 1- Náin tengsl: tengjast barni fjölskylduböndum (faðir, móðir, stjúpfaðir, stjúpmóðir, frændi, frænka) og annar skyldleiki
- 2- Kunnugir: þeir sem þekkja til barns: fjölskylduvinur, gæsluaðili, nágrenni og vinur/kunningi
- 3- Ókunnugir: þeir sem þekkja ekki til barns.

Alvarleikastig brots:

Alvarleikstig eitt:

Óeðlilegur áhugi á barni

Kynferðislegur talsmáti

Þukl á líkama utan klæða (ekki kynfæri)

Kynferðislegar ljósmyndir eða myndbönd sýnd eða tekin

Kossar á andlit eða tilraunir til þeirra (ekki munn)

Alvarleikastig tvö:

Kossar á munn eða tilraunir til þess

Sýnihneigð (gerandi fækkar klæðum)

Fróun að barni ásjáandi

Gæjuhneigð (klæðum fækkað á barni)

Þukl og snerting á líkama barns innan klæða (ekki kynfærum)

Þukl á kynfærum barns utan klæða

Barn látið snerta kynfæri geranda utan klæða

Alvarleikastig þrjú

Grófari snerting eða strokur

Þukl á kynfærum barns innan klæða

Barn látið snerta kynfæri geranda innan klæða

Barni fróað

Barn látið fróa geranda

Alvarleikastig fjögur

Tilraun til innþrengingar í munn, leggöng eða endarþarm með fingri, hlutum eða getnaðarlim

Innþrenging framkvæmd í endarþarm eða leggöng með fingri eða hlutum

Munnmök við barn

Alvarleikastig fimm

Fullt samræði við barn (innþrenging framkvæmd) í leggöng eða endarþarm

